

**AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033**

**GREINARGERÐ  
STEFNA OG SKIPULAGSÁKVÆÐI**

DRÖG AÐ ENDURSKOÐUÐU AÐALSKIPULAGI – DESEMBER 2021



**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí

© Akraneskaupstaður 2021

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2021

Afritun einstakra hluta úr bók þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða bókarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

# EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
1.1	Meginatriði skipulagstillögunnar .....	4
1.2	Um aðalskipulag .....	5
1.3	Skipulagsvinnan.....	6
1.4	Framsetning .....	7
1.5	Forsendur .....	8
<b>2</b>	<b>Markmið</b> .....	<b>9</b>
2.1	Leiðarljós aðalskipulagsins .....	9
2.2	Meginmarkmið .....	9
<b>3</b>	<b>Landnotkun</b> .....	<b>11</b>
3.1	Almenn ákvæði og skýringar .....	11
3.2	Íbúðarsvæði (ÍB) .....	12
3.3	Miðsvæði (M).....	17
3.4	Svæði fyrir verslun og þjónustu (VP) .....	18
3.5	Svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).....	19
3.6	Athafnasvæði (AT).....	20
3.7	Iðnaðarsvæði (I).....	22
3.8	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) .....	23
3.9	Svæði fyrir frístundabyggð (F).....	24
3.10	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF).....	24
3.11	Íþróttasvæði (ÍÞ) .....	24
3.12	Kirkjugarðar og grafreitir (K) .....	25
3.13	Opin svæði, útivistarsvæði (OP).....	25
3.14	Hafnarsvæði (H) .....	27
3.15	Landbúnaðarsvæði (L) .....	28
3.16	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) .....	28
3.17	Óbyggð svæði (ÓB) .....	29
3.18	Vatnsból (VB, VG, VF) .....	29
3.19	Strandsvæði (ST).....	29
3.20	Þróunarsvæði .....	29
<b>4</b>	<b>Verndarákvæði og takmörkun á landnotkun</b> .....	<b>32</b>
4.1	Náttúruvernd.....	32
4.2	Menningarminjar .....	34
4.3	Vatnsvernd .....	35
4.4	Svæði undir náttúruvá.....	36
<b>5</b>	<b>Samgöngu- og þjónustukerfi</b> .....	<b>38</b>
5.1	Gatnakerfi.....	38
5.2	Almenningssamgöngur .....	39
5.3	Stígakerfi .....	39
5.4	Flugvellir, hafnir .....	40
5.5	Veitur.....	40
<b>6</b>	<b>Breytingar</b> .....	<b>42</b>
6.1	Breytingar á aðalskipulagi eftir að endurskoðun hófst.....	42
6.2	Breytingar frá gildandi aðalskipulagi .....	42

6.3	Framfylgd aðalskipulagsins, breytingar.....	44
<b>7</b>	<b>Kynning, afgreiðsla og samþykkt .....</b>	<b>46</b>
7.1	Drög/vinnslutillaga, kynning og samráð .....	46
7.2	Fyrri kynningar og samráð .....	46
7.4	Auglýsing og afgreiðsla athugasemda .....	48
7.5	Samþykkt.....	49
<b>8</b>	<b>Skipulagsuppdráttur .....</b>	<b>50</b>
8.1	Aðalskipulagsuppdráttur, smækkaður í mkv. 1:30.000.....	50



Mynd 1. Akranes

# 1 INNGANGUR

## 1.1 MEGINATRIÐI SKIPULAGSTILLÖGUNNAR

Í endurskoðun aðalskipulags Akraness felst uppfærsla á forsendum, stefnu og ákvæðum gildandi aðalskipulags. Einnig eru skilgreiningar á landnotkun færðar til samræmis við skipulagsreglugerð nr. 90/2012. Þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar á aðalskipulaginu eftir að vinna við endurskoðun þess hófst sbr. kafla 1.3, einfalda lokaáfangu endurskoðunarinnar verulega.

### 1.1.1 MEGINATRIÐI ENDURSKOÐUNAR AÐALSKIPULAGSINS

- **Umhverfisstefna skal vera í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að gera bæjarfélagið sem vænlegast til búsetu og atvinnurekstrar fyrir núverandi og komandi kynslóðir með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.**
  - Í aðalskipulaginu er tekið mið af umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar þannig að landnotkun, landnýting, samgöngukerfi og umhverfismál styðji við markmið hennar. Umhverfisstefnan er sjálfstæð áætlun og eru markmið og áætlanir hennar ekki endurteknaðar í aðalskipulagi nema þar sem það á beinlínis við.
- Stefnt er á að vöxtur íbúðarbyggðar verði innan þjóðveggar á skipulagstímabilinu og taki mið af „20 mínútna bænum“.
  - Bæjarland Akraneskaupstaðar er um 1027 hektarar (ha). Um helmingur af heildarflatarmáli sveitarfélagsins getur nýst undir byggð og þar af eru um 312 ha innan þjóðveggar. Skortur á landrými til vaxtar er fyrirsjáanlegur innan nokkurra áratuga miðað við líklega mannfjöldapróun. Lítið landrými sveitarfélagsins kallar á og stuðlar að þéttri byggð.
  - Miðað er við að byggðin innan þjóðveggar geti rúmað 11-12.000 íbúa og eru þá ekki allir þéttingar eða endurnýjunarkostir taldir. Miðað er við að íbúar á Akranesi verði rúmlega 9.000 við lok skipulagstímabilsins.
  - Þéttleiki nýrrar byggðar verði a.m.k. 18-25 íbúðir á hverjum hektara lands (íb/ha) til þess að ná vexti íbúðarbyggðar innan þjóðveggar á skipulagstímabilinu.
  - Áfram verði unnið að þéttingu byggðar með endurnýjun og endurnýtingu lands innan þjóðveggar með þéttri blandaðri byggð. Með því verða nýttir betur þeir innviðir, sem fyrir eru.
  - Uppbygging nýrrar blandaðrar byggðar verði m.a. á Sementsreit, Dalbrautarreit og við Ægissíðu. Meginuppbygging nýrrar íbúðarbyggðar er í Skógahverfi.
  - Til skoðunar komi þróunarkostir fyrir blandaða íbúðarbyggð á Breið og á Smiðjuvallasvæðinu. Svæðin eru merkt sem þróunarsvæði í aðalskipulagi.
  - Afmörkuð eru sérstaklega tvö opin svæði norðan þjóðveggar (Hausthús/Skúti, Innsti-Vogur), sem til greina koma undir íbúðarbyggð eftir skipulagstímabilið og þegar bærinn innan þjóðveggar verður sem næst fullbyggður.
- Skipulagssvæðið er stækkað sem nemur Óslandi - Kirkjutungu. Landnotkunarreitir og ákvæði úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar eru tekin inn í skipulagið.
  - Afmarkað er athafnasvæði í Óslandi – Kirkjutungu fyrir landfreka atvinnustarfsemi.
  - Skapaðir eru möguleikar á flutningi fyrirferðarmikillar starfsemi eða fyrirtækja, sem hafa neikvæð áhrif á umhverfi sitt, á athafna- og iðnaðarsvæði í Flóahverfi og Kirkjutungu. Með því opnast möguleikar á endurnýtingu lands innan þjóðveggar með blandaðri íbúðarbyggð.
  - Stefnt er að uppbyggingu grænna iðngarða í Flóahverfi.
- Afmörkun miðbæjar og miðsvæða er breytt til þess að auka vægi gamla miðbæjarins og vegna tengingar hans við uppbyggingu á Sementsreit.
  - Lögð verður áhersla á endurlífgun og uppbyggingu gamla miðbæjarins.
- Sett eru almenn markmið um gæði bygginga m.t.t. byggingarlistar þannig að notagildi, tæknileg gæði og ásýnd verði metin við veitingu byggingarleyfa.
- Stuðla skal að bættri lýðheilsu m.a. með áherslu á:
  - vistvæna og virka fararmáta innanbæjar (20 mínútna bærinn).
  - endurbætur og uppbyggingu vandaðs stígakerfis fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og strandstíg með allri ströndinni.

- fjölbreytt útivistar- og íþróttasvæði.
- fjölbreytt samgöngukerfi fyrir almenning á láði og legi (s.s. almenningssamgöngur og ferjusiglingar).
- Akraneskaupstaður dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum starfsemi sinnar á loftslagið og vinni að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga.
  - Stefnt er að minni losun gróðurhúsalofttegunda m.a. með þéttri blandaðri byggð, góðu stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, virkum almenningssamgöngum, innviðum fyrir orkuskipti í samgöngum og markvissri úrgangsmeðhöndlun með flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu.
  - Áfram verði unnið að innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna, með það að markmið að bæta gæði ofanvatns, stuðla að grænna umhverfi, auka líffræðilega fjölbreytni í byggðinni og lækka rekstrar- og viðhaldskostnað fráveitukerfis.
  - Áfram verði unnið að vernd votlendis í sveitarfélaginu og aukinni skógrækt bæði á opnum svæðum, útivistarsvæðum og við athafna- og iðnaðarsvæði í norðurhluta bæjarins.
  - Áfram verði unnið að áætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum sem innihaldi m.a. áhættumat vegna sjávarflóða, áætlun um uppbyggingu og viðhald sjóvarnargarða, skipulag bágrænna ofanvatnslausna o.fl.

Í 6. kafla er listi yfir helstu breytingar, sem gerðar eru á skipulagsuppdrætti og greinargerð.

## 1.2 UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sveitarfélags þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðarþróun, byggðarmynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Stefna aðalskipulags byggir á markmiðum skipulagslaga og stefnu landskipulags og svæðisskipulags eftir því sem við á. Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. 12 ára en jafnframt skal litið til lengri tíma.

Aðalskipulag er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun þess. Stefnan skal unnin í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.<sup>1</sup>

Aðalskipulag er því fyrst og fremst áhald fyrir ákvarðanatöku um landnotkun og nýtingu lands og auðlinda til þess að ná settum markmiðum um byggð, þjónustukerfi og umhverfismál. Áhaldið þarf að vera þjálft og meðfærilegt þannig að unnt sé að beita því til þess að mæta breyttum forsendum og nýjum þróunarkostum og koma til móts við stefnu og markmið, sem sett eru um byggð og mannlíf. Mörkun eða markaðssetning t.d. um ákveðnar atvinnugreinar, menningu eða einhver sértæk mál er ekki hlutverk aðalskipulags þótt ákvæði og stefna aðalskipulags geti verið forsenda slíkrar vinnu.

Stefna sveitarfélagsins er einnig unnin í öðrum áætlunum og stefnuskjölum s.s. umhverfisstefnu og svæðisáætlun um úrgangsmeðhöndlun. Hlutverk aðalskipulagsins er að tryggja að landnotkun og stefna um innviði þjónustukerfa styðji markmið og áætlanir í viðkomandi málaflokkum.

Framsetning endurskoðaðs aðalskipulags Akraness tekur mið af þessu hlutverki aðalskipulagsins.

Aðalskipulag Akraness tekur til meginatriða í landnotkun og nýtingu. Í ákvæðum þess á að felast svigrúm til útfærslu innan meginstefnu og meginráttá skipulagsins. Útfærsla búsetuumhverfisins verður unnin á deiliskipulagsstigi í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Þess vegna beinast ákvæði aðalskipulagsins að meginatriðum en ekki útfærslum.

Aðalskipulag tekur til alls lands, vatns og hafs innan marka sveitarfélagsins og þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun svo sem vegna náttúruvár og verndarákvæða.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Sbr. grein 4.1.1 í skipulagsreglugerð 90/2013.

<sup>2</sup> Sbr. grein 4.1.2 í skipulagsreglugerð 90/2013.

## 1.3 SKIPULAGSVINNAN

### 1.3.1 UPPHAF, UNDIRBÚNINGUR OG SAMRÁÐ

Aðalskipulag Akraness 2005-2017 var staðfest af umhverfisráðherra 26.4. 2006. Stefna skipulagsins byggist annars vegar á þeim áætlunum, sem fyrir lágu í ýmsum málaflokkum, og hins vegar á niðurstöðum íbúabings, sem haldið var haustið 2003.

Eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2010 taldi bæjarstjórn Akraness að þörf væri á endurskoðun nokkurra þátta aðalskipulagsins. Ekki síst var það vegna fólksfjölgunar á árabílinu 2005-2008, sem var langt umfram mannfjöldaspá aðalskipulagsins. Áherslur höfðu einnig breyst á öðrum sviðum s.s. um uppbyggingu hafnarinnar. Auk endurskoðunar þessara þátta skyldu aðrir þættir skipulagsins uppfærðir miðað við breyttar forsendur eftir því sem við átti.

Á íbúabingi sem var haldið í desember 2010 kom fram áhersla á umhverfismál og bæjarumhverfi svo og fjölskyldu- og íþróttabæinn Akranes og var það í meginatriðum samhljóða niðurstöðu íbúabingsins 2003.

Hafist var handa við endurskoðun aðalskipulagsins árið 2011 og var skipulagslýsing og verkáætlun auglýst í nóvember það ár. Helstu viðfangsefni endurskoðunarinnar voru á þeim tíma:

- Íbúabróun, endurmat á íbúabþörf og landþörf.
- Breytingar á hafnarvæði. Fallið frá gerð Skarfatangahafnar.
- Endurskoðun á afmörkun framtíðaríbúðarsvæða, stækkun Skógahverfis.
- Endurskoðun göngu-, hjóla- og reiðstígakerfis.
- Kirkjugarður.
- Svæði fyrir garðyrkjustöð austan Miðvogs.

Haldinn var almennur kynningarfundur 29. maí 2013 þar sem gerð var grein fyrir fyrirhugaðri skipulagsvinnu. Farið var yfir helstu forsendur, fyrirhugaðar breytingar og drög að umhverfisskýrslu.

### 1.3.2 FRAMVINDA SKIPULAGSVINNUNNAR, NÝ VIÐFANGSEFNI

Af ýmsum ástæðum, m.a. óvissu um stefnumörkun um höfnina og aðliggjandi svæði, dróst vinnan við heildarendurskoðun aðalskipulagsins á langinn. Hins vegar voru á næstu árum gerðar nokkrar breytingar á aðalskipulaginu, þar á meðal vegna meginviðfangsefna endurskoðunarinnar.

- Svæði fyrir garðyrkjustöð við Miðvog var skilgreint 2015.
- Fallið var frá gerð Skarfatangahafnar með breytingu árið 2019.
- Stækkun Skógahverfis var samþykkt í desember 2020.

Einnig var á þessum tíma fallið frá áformum um nýjan kirkjugarð.

Auk þessara breytinga bættust ný og stór verkefni við aðalskipulag bæjarins, sem tekið var á með sérstakri umfjöllun og formlegum breytingum.

- Sementsreitir (breyting 2017).
- Stækkun miðsvæðis M4, Dalbrautarreits (breyting 2017).
- Stækkun athafnasvæðis í Flóahverfi (breyting 2019).
- Tjaldsvæði í Kalmansvík (breyting 2020).

Kynntar voru skipulagslýsingar og haldnir kynningar- og samráðsfundir um þessar breytingar og fengu þær þar með markvissari umfjöllun en hefði verið ef þær hefðu verið hluti heildarendurskoðunar.

### 1.3.3 DRÖG, VINNSLUTILLAGA 2018

Áfram var unnið að heildarendurskoðun og var almennur kynningarfundur haldinn 25. janúar 2018. Þar var gerð grein fyrir nýjum viðfangsefnum og þeim þáttum endurskoðunarinnar, sem þegar var búið að afgreiða, stefnu og markmiðum, helstu breytingum, breytttri framsetningu til samræmis við nýja skipulagsreglugerð, umhverfismati skipulagsins og fyrirhuguðu skipulagsferli.

### 1.3.4 UMHVERFISSTEFNA 2021

Vinna við umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar hófst árið 2019. Af því tilefni var efnt til íbúafundar í maí 2019 þar sem íbúar tóku þátt í að móta hugmyndir að framtíðarsýn á sviði umhverfismála í sveitarfélaginu. Í kjölfarið voru valdir áherslupættir og ákveðið að hafa markmið bæði mælanleg og tímasett. Bæjarstjórn samþykkti Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar þann 8. júní 2021. Í gildandi aðalskipulagi liggja nú þegar fyrir nokkur ákvæði og áætlanir, sem felast í markmiðum umhverfisstefnunnar s.s. um vernd strandar og endurheimt votlendis.

### 1.3.5 DRÖG, VINNSLUTILLAGA 2021

Á lokastigi skipulagsvinnunnar var skipulagssvæðið stækkað sem nemur Óslandi – Kirkjutungu, sem er svæði í eigu Akraneskaupstaðar norðan Berjadalsár frá Þjóðvegi til fjalls að Berjadalsá á Berjadal. Innan þess svæðis er hluti vatnsbóla og vatnsverndarsvæða Akraness, skógræktarsvæði og skotæfingasvæði. Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er breytt til samræmis.

Stækkun skipulagssvæðisins ásamt breyttri framsetningu til samræmis við gildandi skipulagsreglugerð hefur ekki verið kynnt í skipulagslýsingu.

Í drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á neðri hluta Óslands - Kirkjutungu þannig að þar verði athafnasvæði ætlað fyrirferðarmikilli starfsemi, sem ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfið.

## 1.4 FRAMSETNING

### 1.4.1 SKIPULAGSGÖGN

Tillaga að Aðalskipulagi Akraness 2018-2030 er sett fram með eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð, stefna og skipulagsákvæði, vinnslutillaga 6.12.2021.
- Aðalskipulagsuppdráttur nr. 8.1, tillaga, 6.12.2021.
- Forsendur, fylgiskjal (ekki hluti staðfestra gagna), 6.12.2021.

Skýringaruppdrættir eru í greinargerð til glöggvunar við lestur greinargerðarinnar. Ef ósamræmi kemur fram milli skýringaruppdráttar í greinargerð og aðalskipulagsuppdráttar gildir aðalskipulagsuppdrátturinn.


Formleg skipulagsgögn eru greinargerð þessi með stefnu og skipulagsákvæðum og aðalskipulagsuppdráttur nr. 8.1.

### 1.4.2 LANDNOTKUNARREITIR

Gerð er grein fyrir landnotkunarreitum í greinargerð þannig að fjallað er um nánast hvern reit eða hvert svæði bæjarlandsins. Hver landnotkunarreit er merktur á uppdrætti með númeri og bókstaf. Landnotkunarreitir munu halda númeri sínu þótt landnotkun verði breytt og verður þá bókstafsmerkingu reitsins breytt. Númerin vísa til staðsetningar sbr. mynd 2. Í töflu í greinargerð er tilgreind stærð reita í hekturum (1 ha = 100x100 m = 10.000 m<sup>2</sup>), heiti eða afmörkun, almenn lýsing og sérákvæði viðkomandi reits. Almenn ákvæði eru í upphafi hvers kafla. Þessi uppsetning er gerð til þess að auðvelda viðhald skipulagsins, breytingar og þróun þar sem vísun í svæði og ákvæði er skýr og ótvíræð.

Almenn regla er að landnotkunarreitir mætast í miðlínunum gatna. Flatarmál reita er því brúttóstærð sem felur í sér gatnakerfið. Samanlagt flatarmál landnotkunarreita gefur því einnig heildarflatarmál byggðar eða skipulagðs lands. Á skipulagsuppdrætti eru aðalgötur, þ.e. stofnbrautir og tengibrautir, lagðar ofan á reitina og fela þar af leiðandi markalínu þeirra þar sem svo ber undir. Aðalgötur í innra gatnakerfi bæjarins (safngötur) og tengingar við aðalgatnakerfið, sem liggja yfir óbyggt land, eru sýndar á aðalskipulagsuppdrætti. Að öðru leyti eru tengingar einstakra svæða skilgreindar í deiliskipulagi og ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti. Allt núverandi gatnakerfi er sýnt á grunnkorti til glöggvunar. Grunnkortslínur hafa ekki skipulagsgildi.





Mynd 2. Svæðaskipting fyrir merkingu landnotkunarreitna. Þrjú svæði:  
 100: Bærinn vestan Þjóðbrautar.  
 200: Bærinn austan Þjóðbrautar.  
 300: Atvinnusvæði og uppland norðan Þjóðvegjar.

Skilgreining landnotkunarreitna felur í sér stefnu um landnotkun á viðkomandi svæði. Núverandi landnotkun kann að vera önnur og verður hún heimil áfram án þess að vera sérstaklega tilgreind í aðalskipulaginu svo fremi sem hún er í samræmi við gildandi heimildir og samþykktir. Frekari uppbygging, varanlegar breytingar eða ný starfsemi, sem ekki er í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um landnotkun er hins vegar ekki heimil. Stefnu um landnotkun verður framfylgt með gerð deiliskipulags og framkvæmdum á grunni þess.

Landnotkunarreitir, s.s. íbúðarsvæði, sýna meginatriði og heildarmynd. Ekki eru skilgreind sérstök útfærsluatriði og smáatriði sem miðað er við að komi fram í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Þetta á t.d. við um leikvelli, lítil opin svæði innan hverfis og landnotkun eða starfsemi sem er í samræmi við þann sveigjanleika sem skilgreindur er fyrir viðkomandi landnotkunarflokk (dæmi: verslun eða atvinnustarfsemi í íbúðarhverfi, sem ekki hefur neikvæð áhrif á nánasta umhverfi). Núverandi landnotkun eða starfsemi, sem ekki fellur að stefnu um landnotkun eða skilmálum viðkomandi landnotkunarreits, er ekki sérmerkt á uppdrætti.

Á mörgum skipulagsreitum er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi – þ.e. engum meginbreytingum. Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi verða ekki gerðar breytingar á umhverfi nema með formlegri skipulagsgerð eða grenndarkynningu skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga þar sem um minni háttar framkvæmdir er að ræða. Sjá einnig ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.

## 1.5 FORSENDUR

Helstu forsendur skipulagsins eru teknar saman í forsenduhefti, sem er fylgiskjal með aðalskipulagstillögunni.

## 2 MARKMIÐ

Stefna bæjarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til er sett fram sem leiðarljós og meginmarkmið. Leiðarljós er yfirskrift meginmarkmiða um umhverfi, byggð, samgöngur og þjónustukerfi.

Við gerð Aðalskipulags Akraness 2005-2017 var mörkuð stefna, sem byggðist annars vegar á íbúáþingi, sem haldið var haustið 2003, og hins vegar fjölda samþykkt og áætlana, sem til voru um flesta þá málaflokka, sem fjallað var um í aðalskipulaginu. Á íbúáþingi, sem haldið var í desember 2010, voru áherslur svipaðar og á þinginu 2003, þ.e. á fjölskyldu- og íþróttabæinn Akranes ásamt umhverfismálum, útivist og bæjarumhverfi. Íbúafundur var haldinn í maí 2019 þar sem íbúar tóku þátt í að móta hugmyndir að framtíðarsýn á sviði umhverfismála í sveitarfélaginu sem síðan var samþykkt sem umhverfisstefna Akraneskaupstaðar í júní 2021. Í gildandi aðalskipulagi liggja nú þegar fyrir nokkur ákvæði og áætlanir, sem felast í markmiðum umhverfisstefnunnar s.s. um vernd strandar og endurheimt votlendis.

Endurskoðun aðalskipulagsins er unnin með hliðsjón af markmiðum stjórnvalda um umhverfismál, landsskipulagsstefnu og þeim hluta heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem við eiga.

Í umhverfisstefnu bæjarins eru sett fram markmið og áætlanir í umhverfismálum sem standa við hlið markmiða og ákvæða aðalskipulagsins. Umhverfisstefnan verður í stöðugri endurskoðun og verða markmið hennar því ekki endurtekin í aðalskipulagi.

### 2.1 LEIÐARLJÓS AÐALSKIPULAGSINS

**Á Akranesi skulu vera góðar aðstæður fyrir öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, traustar samgöngur, fjölskylduvæn búsetuskilyrði og heilnæmt umhverfi í fallettum bæ.**

### 2.2 MEGINMARKMIÐ

**Lögð skal áhersla á vandað bæjarumhverfi með fallettri bæjarmynd sem hafi jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa og auki aðdráttarafli bæjarins.**

**Akraneskaupstaður leggur áherslu á öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sem bæði byggist á hefðbundnum atvinnugreinum og nýsköpun.**

**Á Akranesi skal vera fjölskylduvænt bæjarumhverfi sem mætir þörfum íbúa fyrir húsnæði, þjónustu, tómstundir, íþróttir og útivist. Stuðlað skal að fjölbreyttum möguleikum til náms og menningarstarfsemi.**


**Í samræmi við áherslu á vandað bæjarumhverfi og falletta bæjarmynd skal stefnt að því að byggingar á Akranesi geti talist góð byggingarlist hvað snertir notagildi, tæknileg gæði og ásýnd (utilitas, firmitas, venustas)<sup>3</sup>. Hús skulu felld vel að landi og taka mið af umhverfi og staðhättum. Gæðamarkmið eiga við allar byggingar og skulu þessir þættir metnir við afgreiðslu byggingarleyfa.**

- Akranes á að vera áhugaverður og aðlaðandi bær sem nýtur nálægðar og tengsla við höfuðborgarsvæðið.
- Á Akranesi eiga að vera fyrirmyndar aðstæður fyrir fjölskyldufólk, þ.e. gott, fallett, barnvænt, öruggt og þroskandi uppeldisumhverfi fyrir börn og ungmenni í heilsueflandi samfélagi.
- Viðhalda skal þeim jákvæðu eiginleikum bæjarumhverfisins sem ljá bænum sérstöðu og einkenni. Unnið verði að endurbótum á bæjarmynd og umhverfi þar sem þess er þörf m.a. með þéttingu byggðar. Með þéttingu byggðar er einnig leitast við að auka hagkvæmni í rekstri bæjarins.
- Lögð skal áhersla á listræn vinnubrögð við mótun bæjarmyndarinnar og fegrun bæjarumhverfisins m.a. með skúlptúrum og útilistaverkum.

<sup>3</sup> Vitruvius. *De architectura* (Um byggingarlist/10 bækur um byggingarlist). Útg. 30-15 f. kr.

**Umhverfisstefna skal vera í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að gera bæjarfélagið sem vænlegast til búsetu og atvinnurekstrar fyrir núverandi og komandi kynslóðir með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.**

- Akraneskaupstaður dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum starfsemi sinnar á loftslagið og vinni að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga.
- Grunnvatni verði ekki spillt í sveitarfélaginu og nægt grunnvatn varðveitt til framtíðarnota. Blágrænar ofanvatnslausnir verði hagnýttar þar sem þess er kostur til þess að viðhalda fjölbreytni lands og lífríkis og bæta fráveitukerfið.
- Áhersla verði lögð á náttúruvernd og varðveislu menningarminja.
- Fyrirtæki í Akraneskaupstað dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið og upplýsi íbúa um umhverfisþætti í rekstrinum
- Sjálfbær þróun og öryggi íbúa séu í fyrirrúmi við þróun samgangna í Akraneskaupstað.
- Akraneskaupstaður verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsförvörnum og úrgangsmeðhöndlun með góða nýtingu auðlinda að leiðarljósi
- Áfram verði leitað leiða við að auka þátttöku almennings í skipulagsmálum, þannig að sjónarmið sem flestra komi fram.



Mynd 3. Megindrættir byggðarinnar á Akranesi. 20 mínútna bærinn.

## 3 LANDNOTKUN

### 3.1 ALMENN ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR

Í aðalskipulagi koma fram meginatrið um landnotkun og miðast merking á skipulagsuppdrætti við ráðandi landnotkun á viðkomandi reitum. Innra skipulag reita, lóðamörk, þéttleiki, nýtingarhlutfall eða byggingarmagn, blönduð landnotkun og gatnakerfi er og verður ákvarðað í deiliskipulagi.

Hver landnotkunarreitur aðalskipulagsins er merktur með númeri og bókstaf. Í lok hvers kafla er tafla með númeri, heiti, flatarmáli í hekturum (ha), lýsingu og sérákvæðum. Sett er fram stefna eða viðmiðun um byggðamynstur, starfsemi og þéttleika byggðar þar sem ástæða er til. Þéttleiki svæða, íb/ha (fjöldi íbúða á hvern hektara), á við brúttóflatarmál reita að miðlínunum aðliggjandi gatna. Í mörgum tilvikum er ákvörðun um nýtingu vísað í deiliskipulag. Um hvern landnotkunarreit gilda því annars vegar almenn ákvæði um viðkomandi landnotkunarflokk og hins vegar sérákvæði um reitinn.

#### 3.1.1 FULLBYGGÐ SVÆÐI

Með fullbyggðum svæðum er átt við fullmótuð og frágengin svæði. Þar geta skipulagsákvæði vísað til gildandi deiliskipulags eða óbreytts ástands eftir því sem við á. Núverandi staða er viðmið um þéttleika og yfirbragð. Þar verður heimilt auk eðlilegrar endurnýjunar og endurbyggingar húsa og annarra mannvirkja að reisa viðbyggingar og nýbyggingar þar sem aðstæður leyfa og í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Eðlileg þróun fullbyggðra hverfa, endurnýjun og þétting á því að vera möguleg með stefnumörkun á deiliskipulagsstigi án breytingar á aðalskipulagi svo fremi sem breytingar eru í samræmi við megindrætti byggðarinnar, stefnu aðalskipulagsins og almenn ákvæði. Meiriháttar breytingar á landnotkun, nýtingu og yfirbragði byggðar kalla hins vegar á formlega breytingu á aðalskipulagi.

#### 3.1.2 UPPBYGGING SAMKVÆMT DEILISKIPULAGI

Nýtingarhlutfall og þéttleiki byggðar verður ákveðinn á deiliskipulagsstigi í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um byggðamynstur og yfirbragð viðkomandi svæðis. Þar sem deiliskipulag eldri hverfa er ekki fyrir hendi verða breytingar á byggð ákvarðaðar með gerð nýs deiliskipulags nema um sé að ræða minni háttar framkvæmdir eða frávik sem unnt er að afgreiða með grenndarkynningu.

Á þeim landnotkunarreitum þar sem hvorki nýting né byggðamynstur er tilgreint í sérákvæðum aðalskipulagsins er þeim þáttum vísað á deiliskipulagsstig. Þá verður lögð fram lýsing deiliskipulagsgerðar í upphafi skipulagsvinnu þar sem áherslur og markmið um skipulag viðkomandi svæðis, t.d. um þéttleika og yfirbragð byggðar, eru skilgreind nánar. Með kynningu lýsingar hefst samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila um mótun og gerð deiliskipulags.

#### 3.1.3 LANDNÝTING, ÞÉTTLEIKI BYGGÐAR

Landnýting er skilgreind ýmist með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum s.s. fjölda íbúða og fjölda íbúða á flatareiningu (íb/ha, fjöldi íbúða á hektara) eftir því sem við á. Nýtingarhlutfall er hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á viðkomandi svæði og flatarmáls svæðisins (N-brúttó) eða brúttóflatarmáls bygginga og flatarmáls lóðar (N-nettó). Byggðamynstur reita er tilgreint þar sem það á við, t.d. með vísun í húsagerðir og hæðir bygginga.

#### 3.1.4 SAMHENGI AÐALSKIPULAGS OG DEILISKIPULAGS

Aðalskipulagið er stefnumarkandi um aðalatriði en umhverfismótunin felst í deiliskipulagi einstakra svæða. Meginatriði byggðamynsturs og yfirbragðs verða skilgreind í aðalskipulagi eftir því sem við á en útfærsla og ákvörðun um þéttleika, yfirbragð byggðar og íbúðafjölda verður ákvörðuð í deiliskipulagi í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

Útfærsla einstakra reita og minni háttar frávik eiga því ekki að leiða til stöðugra breytinga á aðalskipulagi eins og hætta er á ef nýtingarákvæði aðalskipulags eru of nákvæm.

Meginregla um framlagningu lýsingar vegna deiliskipulagsgerðar kemur í stað nákvæmra skilmála um nýtingarhlutfall í aðalskipulagi.

## 3.2 ÍBÚDARSVÆÐI (ÍB)

- Stefnt er á að vöxtur íbúðarbyggðar verði innan þjóðveggar á skipulagstímabilinu og taki mið af „20 mínútna bænum“.
- Ávallt verði nægt framboð byggingarlóða, bæði fyrir íbúðarhús og hvers kyns atvinnuhúsnæði.
- Gert verði ráð fyrir blöndun húsagerða og íbúðagerða í nýjum íbúðarhverfum.

### 3.2.1 ÞÉTTLEIKI BYGGÐARINNAR

Í framreiknuðum forsendum fyrir aðalskipulagstillögunni er miðað við að íbúafjöldi á Akranesi í lok skipulagstímabilsins verði 8.100-9.700. Miðað við 9.000 íbúa verður þörf fyrir um 840-1.100 nýjar íbúðir á tímabilinu. Á nýjum byggingarsvæðum og þróunar-/þéttingarsvæðinu innan byggðar er rými fyrir um 1.200 – 1.500 nýjar íbúðir.

Íbúðarbyggð er fyrst og fremst á íbúðarsvæðum (ÍB) og miðsvæðum (M).

Miðað er við að vöxtur byggðar á Akranesi næstu áratugi verði fyrst og fremst í Skógahverfi, á Dalbrautarreit og á Sementsreit, þ.e. innan þjóðveggar í beinu samhengi við núverandi byggð. Í skipulagsáætluninni er áhersla lögð á að ný íbúðarhverfi verði nokkuð þéttari en sú íbúðarbyggð sem risið hefur síðustu áratugina. Meðalþéttleiki núverandi íbúðarsvæða, gamalla og nýrra, er um 15,5 íb/ha en stefnt er að því að í nýjum íbúðarhverfum innan þjóðveggar verði meðalþéttleiki 18-25 íb/ha. Á Sementsreit kemur þétt blönduð byggð sem tengist vel gamla miðbænum.

Talsverðir uppbyggingarmöguleikar eru innan núverandi byggðar þar sem víða er unnt að nýta betur vannýttar lóðir, endurnýja byggð sem gengið hefur úr sér og endurnýta land sem þjónar ekki lengur nægilega vel upphaflegu hlutverki sínu. Sementsreiturrinn er stærsta og mikilvægasta dæmið um slíka endurnýjun og endurnýtingu lands. Í gamla bænum og á miðbæjarsvæðum eru möguleikar á slíkri endurnýjun byggðar og þéttingu byggðarinnar t.d. með byggingu nýrra íbúðarhúsa. Nánar er fjallað um miðbæjarsvæði í kafla 3.3. Vinna þarf deiliskipulag allra þéttingarsvæða þar sem hugsanlegir uppbyggingarkostir verða skilgreindir. Haft skal samráð við nágranna og aðra hagsmunaaðila við skipulagningu þeirra og taka mið af húsakönnun og mati á gæðum og varðveislugildi núverandi byggðar.

Mótun nýrrar byggðar, bæði í nýjum íbúðarhverfum og inni í gamla bænum, skal miðast að því að bæta bæjarmynd Akraness og styrkja þá jákvæðu eiginleika sem bæjarumhverfið hefur. Einnig skal stefnt að því að lagfæra ásýnd bæjarins á þeim svæðum sem bæjarmyndin er sundruð og sundurlaus.


Með þéttingu byggðar, nýtingu óbyggðra eða vannýtttra svæða innan núverandi byggðar og sértaklega með uppbyggingu á Sementsreit og Dalbrautarreit er stuðlað að góðri nýtingu þjónustukerfa, bæði tæknilegra (t.d. vegir og veitur) og félagslegra (t.d. skólar og opinber þjónusta) þannig að hluta nýrrar byggðar megi reisa án teljandi breytinga eða mikilla fjárfestinga í götum og öðrum þjónustukerfum.

Á Dalbrautarreit (141-ÍB) og við Ægisbraut (134-ÍB) er gert ráð fyrir endurnýjun byggðar með blandaðri byggð með íbúðum á efri hæðum og möguleika á atvinnustarfsemi á jarðhæð.


### 3.2.2 VAXTARMÖGULEIKAR TIL FRAMTÍÐAR

Á mynd 3 eru sýnd svæði 318 og 326 sem gert er ráð fyrir að geti nýst undir byggð síðar, þ.e. eftir lok skipulagstímabilsins. Svæði 318 norðan Kalmansvíkur er um 30 ha og svæði 326 í Innsta-Vogi er um 32 ha. Á þessum svæðum gætu rúmast um 1.100-1.550 íbúðir með allt að 3.900 íbúum. Svæðin eru afmörkuð sérstaklega og skilgreind sem opið svæði. Ekki verði þar gert ráð fyrir landnotkun sem komið geti í veg fyrir framtíðarnýtingu svæðanna undir byggð.





Mynd 4. Byggingarsvæði fyrir nýja íbúðarbyggð. Svæði 318 og 326 koma til álita eftir lok skipulagstímabilsins.



Mynd 5. Íbúðarsvæði og miðbæjarsvæði með íbúðarbyggð.

### 3.2.3 ÁFANGASKIPTING

Þau íbúðarsvæði, sem sýnd eru í skipulagstillögunni, rúma fleiri íbúa og íbúðir en reiknað er með að þurfi á skipulagstímabilinu. Með því fæst svigrúm til þess að skipa byggingarsvæðum í áfangaröð þannig að boðið verði upp á sem fjölbreyttast úrval byggingarlóða. Með því að nýta þéttingarsvæði innan núverandi byggðar (t.d. Sementsreit) samtímis nýjum byggingarsvæðum (Skógahverfi) verður á hverjum tíma hægt að bjóða upp á ólíka búsetukosti.

Byggingarsvæðum er ekki raðað í ákveðna áfangaröð í aðalskipulagi umfram þau sjónarmið sem fram koma hér og í kafla um þéttleika byggðar.

### 3.2.4 ÁKVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Nýting einstakra svæða, lóða og opinna svæða s.s. leiksvæða innan íbúðarhverfa er ekki sýnd sérstaklega í aðalskipulagi. Í deiliskipulagi hverfa og byggingaráfanga verður gerð nánari grein fyrir innra skipulagi þeirra svo og notkun og nýtingarhlutfalli einstakra lóða og svæða og heimildum fyrir atvinnustarfsemi.


Ítrekað skal meginmarkmið í kafla 2.2. um gæði bygginga og góða byggingarlist.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
103-ÍB	2,0	Við Sementsbryggju	Austan sementsbryggju. Að hluta á landfyllingu.	Ný blönduð byggð. Íbúðarbyggð, hótél og hafnsækin starfsemi. Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
112-ÍB	19,7	Nedri Skagi. Gamli bærinn afmarkast til norðurs af Merkigerði en að auki eru meðtalin á þessu svæði nokkur hús vestan Vesturgötu norðan Merkigerðis.	Á svæðinu er nokkur fjöldi gamalla íbúðarhúsa, bæði timburhúsa og húsa af fyrstu gerð steinsteypuhúsa á Íslandi auk nýrri bygginga, m.a. í fúnkisstíl.	Unnið skal deiliskipulag svæðisins þar sem stefnt verður að þéttingu byggðar og endurnýjun. Tekið skal mið af niðurstöðum húsakönnunar. Nýtingarhlutfall miðist við tiltölulega þetta kaupstaðarbyggð og verður ákvarðað í deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
117-ÍB	9,9	Svæðið afmarkast af miðbæjarsvæði annars vegar og Sementsreit hins vegar.	Fullbyggt svæði. Á svæðinu kynnu að vera möguleikar á endurnýjun og þéttingu byggðar.	Unnið skal deiliskipulag þar sem hugsanlegir uppbyggingarkostir verða skilgreindir. Nýtingarhlutfall miðist við tiltölulega þetta kaupstaðarbyggð og verður ákvarðað í deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
119-ÍB	4,9	Nýtt íbúðarhverfi á hluta Sementsreits.	Óbyggt svæði. Fyrrum sandþró Sementsverksmiðjunnar, hluti verksmiðjusvæðis og lóðir meðfram Sudurgötu.	Blönduð byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Svæðið verði skipulagt í samhengi við 118M. Allt að 6 hæðir. Fjöldi íbúða, umfang atvinnustarfsemi og yfirbragð verður ákvarðað á deiliskipulagsstigi sbr. kafla 3.1.2.
128-ÍB	6,5	Svæðið afmarkast af stofnanalóðum Brekkubæjarskóla og sjúkrahússins, miðbæjarsvæði við Kirkjubraut, Stíllholti og íbúðarlóðum vestan	Á svæðinu er tiltölulega samstæð byggð, aðallega frá 6. áratug 20 aldar.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
		Vesturgötu.		
133-ÍB	0,9	Skagaver	Fyrirum verslunarhús Skagavers.	Endurnýjunarsvæði. Stefnt að blandaðri byggð með megináherslu á íbúðarbyggð. Atvinnustarfsemi möguleg. Nánar ákvæðið í deiliskipulagi.
134-ÍB	4,0	Við Ægisbraut að Esjubraut	Núverandi athafnasvæði.	Endurnýjunarsvæði. Stefnt að blandaðri byggð með megináherslu á íbúðarbyggð. Atvinnustarfsemi möguleg. Nánar ákvæðið í deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
136-ÍB	13,5	Norðan Stillholts og Kalmansbrautar.	Tiltölulega samstæð byggð frá síðari hluta 20. aldar.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
139-ÍB	1,2	Norðan Stillholts	Hálfbýggt (2018)	Þétt íbúðarbyggð við miðbæ. 10 hæðir.
141-ÍB	5,2	Dalbrautarreitir	Svæðið er nú að hluta iðnaðar og athafnasvæði en miðbæjarbygging með íbúðum og miðbæjarstarfsemi hefur verið reist við gatnamót Stillholts og Þjóðbrautar. Fyrir liggur endurskoðað deiliskipulag suðurhluta reitsins með þéttri blandaðri byggð.	Blönduð byggð með þéttri íbúðarbyggð, atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu. Gert verði ráð fyrir bílastæðum í kjallara nýbygginga. Uppbygging, starfsemi og nýtingarhlutfall verður ákvarðað í deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
142-ÍB	4,9	Milli Dalbrautar og Kalmansbrautar.	Einbýlis og raðhúsabyggð frá 8. og 9. áratug síðustu aldar.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
203-ÍB	5,0	Milli Jaðarsbrautar og Garðabrautar.	Svæðið einkennist af stórum sambýlishúsum og hefðbundnum fjölbýlishúsum.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
204-ÍB	8,9	Milli Þjóðbrautar, Garðabrautar og Innnesvegjar.	Raðhús og fjölbýlishús frá s.hl. 20 aldar. Frekar dreifð byggð.	Ástæða er til að huga að aðgerðum eða framkvæmdum til þess að bæta yfirbragð og bæjarmynd. Þétting byggðar möguleg.
209-ÍB	0,2	Íbúðir aldraðra við Höfða	Lóð í tengslum við dvalarheimilið Höfða	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
210-ÍB	2,1	Íbúðir aldraðra við Höfða	Raðhúsapýrping.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
213-ÍB	22,2	Flatahverfi.	Fullbýggt. Blönduð byggð fjölbýlishúsa, raðhúsa og einbýlishúsa.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
215-ÍB	7,1	Grundir I	Raðhús og fjölbýlishús frá s.hl. 20 aldar. Frekar dreifð byggð.	Ástæða er til að huga að aðgerðum eða framkvæmdum til þess að bæta yfirbragð og bæjarmynd. Þétting byggðar möguleg.
217-ÍB	21,7	Grundir II	Einbýlishúsabyggð.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
221-ÍB	5,8	Jörundarholt I	Einbýlishús og raðhús. Byggð í lok 20. aldar og	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.



Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
			byrjun þeirrar 21.	
222-ÍB	13,4	Jörundarholt II, Leynisbraut/Ásbraut	Einbýlishús og raðhús. Byggð í lok 20. aldar og byrjun þeirrar 21.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
223-ÍB	13,6	Skógarhverfi, 1. áfangi	Sem næst fullbyggt 2020. Deiliskipulag í gildi.	Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð er í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrirtækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðarhverfi.
224-ÍB	9,3	Skógarhverfi, 2. áfangi	Byggt að hluta 2020. Deiliskipulag í gildi.	Blönduð byggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
226-ÍB	21,5	Skógarhverfi, 3. áfangi	Óbyggt 2020. Deiliskipulag í gildi fyrir syðsta hluta svæðisins.	Blönduð byggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
227-ÍB	2,1	Skógahverfi, 4. áfangi	Óbyggt 2020. Deiliskipulag í gildi.	Fjölbýlishúsabyggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
228-ÍB	11,0	Skógahverfi, 5. áfangi	Óbyggt 2020. Óskipulagt 2020.	Blönduð byggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
305-ÍB	2,4	Íbúðarlóð við Þjóðveg	Lóð fyrir einbýlishús og útihús.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
308-ÍB	0,6	Íbúðarlóð við Þjóðveg	Lóð fyrir einbýlishús	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.



Mynd 6. Svæði fyrir atvinnustarfsemi – miðbæ, stofnanir, verslun og þjónustu, hafnarsvæði og önnur atvinnusvæði ásamt íbúðarsvæðum með umtalsverðri blöndun með atvinnustarfsemi.

### 3.3 MIÐSVÆÐI (M)

**•Afmörkun miðbæjar og miðsvæða er breytt til þess að auka vægi gamla miðbæjarins og vegna tengingar hans við uppbyggingu á Sementsreit.**

- Lögð verður áhersla á endurlifgun og uppbyggingu gamla miðbæjarins.
- Stefnt skal að því að meginhluti verslunar og þjónustu verði innan miðbæjarsvæðis.

Miðsvæði eru svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnslu sem þjóna heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi. Þar er gert ráð fyrir verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, hótelum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum, íbúðum og annarri atvinnustarfsemi sem samræmist yfirbragði, eðli og hlutverki svæðisins.

Miðað er við að í miðbæ Akranes verði fjölbreytt blanda þjónustu- og atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Fyrirkomulag og umfang íbúðarbyggðar er og verður ákvarðað í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Uppbygging miðbæjarins skal miða að því að móta skjólgóða byggð með bæjareinkennum og bæjarbrag.

Miðbæjarsvæði Akraness er annars vegar línulegur miðbær frá Skólabraut um Kirkjubraut að Stillholti og hins vegar hluti Sementsreits, sem tengjast Akratorgi. Miðbænum er skipt í fjögur svæði eftir stöðu, eiginleikum og áformum um skipulag og uppbyggingu.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
115-M	0.5	Neðsti hluti Skólabrautar	Miðsvæði. Á svæðinu er safnaðarheimili og gamli iðnskólinn, byggður 1912, elsta varðveitta steinsteypa húsið á Akranesi fyrir utan Garðahúsið. Að öðru leyti er endurnýjun bygginga og þétting möguleg. Húsakönnun liggur fyrir.	Blönduð byggð íbúða og miðbæjarstarfsemi. Endurnýjun og þétting byggðar möguleg Taka skal taka mið af Gamla iðnskólanum og safnaðarheimilinu. Uppbygging skal stuðla að bættri bæjarmynd og styrkingu torgrymis við gatnamót Skólabrautar og Vesturgötu.
116-M	4.0	Skólabraut, Akratorg, Kirkjubraut	Miðbær. Svæðið milli Akraneskirkju og Merkigerðis er þungamiðja miðbæjarins með blandaðri byggð íbúðarhúsa, verslana, stofnana og þjónustufyrirtækja. Húsakönnun liggur fyrir.	Alhliða miðbæjarstarfsemi og íbúðir. Miðbæjarstarfsemi að jafnaði á jarðhæð og íbúðir eftir því sem við á á efri hæðum og sérstökum íbúðarhúsum. Skilmálar um byggingarmöguleika, endurnýjun bygginga, bílastæði, byggingarmagn og nýtingarhlutfall skal setja í deiliskipulagi. Stefnt að endurskipulagningu umferðar með áherslu á umhverfisgæði og einkenni miðbæjar. Yfirbragð byggðar og þéttleiki taki mið af þétttri kaupstaðarbyggð.
118-M	2.5	Miðsvæði á Sementsreit	Miðsvæði. Meginhluti bygginga sementsverksmiðjunnar hefur verið fjarlægður. Deiliskipulag liggur fyrir.	Blönduð byggð verslunar, þjónustu, atvinnufyrirtækja, menningarstarfsemi og íbúða. Þétt byggð. 2-6 hæðir. Umfang atvinnustarfsemi, fjöldi íbúða og yfirbragð verður ákvarðað á deiliskipulagsstigi sbr. kafla 3.1.2.
132-M	5.1	Kirkjubraut - Stillholt	Miðsvæði. Stórar miðbæjarbyggingar og íbúðarhús. Opin bæjarmynd og umfangsmiklar	Bæjarmynd svæðisins frá Merkigerði að Stillholti verði lagfærð með nýbyggingum og endurbótum á gatnamannvirkjum þannig að mótað verði samfellt

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
			umferðargötur.	miðbæjarumhverfi með skýrum og skjólgóðum göturýmum. Auknu byggingarmagni skal mæta með gerð nýrra bílastæða í göturými, með samnýtingu og með bílageymslum neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa. Skilmálar um byggingarmöguleika, endurnýjun bygginga, bílastæði, byggingarmagn og nýtingarhlutfall skal setja í deiliskipulagi.

### 3.4 SVÆÐI FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU (VP)

<ul style="list-style-type: none"> <li>Að óbreyttu er stefnt að því að Smiðjuvellir þróist í að verða blanda verslunar/þjónustu- og athafnasvæðis. Þar verði þar einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu sem ekki á heima í miðbæ. Meginhluti svæðisins er skilgreindur sem athafnasvæði. Smiðjuvallasvæðið er afmarkað sem þróunarsvæði. Til álita kemur að þar verði blönduð byggð íbúða og fjölbreyttar atvinnustarfsemi.</li> <li>Unnið verði markvisst að uppbyggingu ferðaþjónustu með áherslu á frekari eflingu þeirra stofnanna og svæða sem nú þegar búa yfir aðdráttarafla fyrir ferðamenn. Lögð verður áhersla á sögu sjávarútvegs og íþróttar auk almennrar útivistar við frekari uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn.</li> </ul>
---

Auk verslunar og þjónustufyrirtækja er á þessum svæðum t.d. gert ráð fyrir hótélum, gistiheimilum, veitingahúsum, skemmtistöðum og bensínstöðvum. Almenn er ekki heimilt að hafa íbúðir á svæðum fyrir verslun og þjónustu.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi stöðu verslunar- og þjónustusvæða. Gert er ráð fyrir auknu vægi verslunar og þjónustu á athafnasvæðinu 144-AT við Smiðjuvelli og Kalmansvelli (sjá kafla 3.6) auk verslunarlóðar 146-VP nyrst á því svæði. Þar verði fyrst og fremst gert ráð fyrir verslun með fyrirferðarmikla vöru sem ekki á heima í miðbæ (byggingarefni, bílar o.þ.h.) auk almennrar atvinnustarfsemi annarrar. Auk þess er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun á svæði 141-ÍB (Dalbrautarreit) með möguleika á atvinnu- og þjónustustarfsemi á jarðhæð. Í deiliskipulagi Skógarhverfis (223-ÍB) er gert ráð fyrir blandaðri byggð þar sem mögulegt er samkvæmt deiliskipulagi að koma fyrir verslun og atvinnustarfsemi á jarðhæð nokkurra húsa við Asparskóga.

Í samræmi við markmið um uppbyggingu og styrkingu miðbæjar skal markvisst leitast við að beina sérverslunum og dæmigerðri miðbæjarstarfsemi inn á miðbæjarsvæði 115-M, 116-M og 118-M.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
103-VP	1,5	Við Sementsbryggju	Austan sementsbryggju. Að hluta á landfyllingu.	Hótel og hafnsækin starfsemi. Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
108-VP	0,2	Bensínstöð við Hafnarbraut.	Lóð fyrir bensínstöð.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
111-VP	0,2	Bíóhöllin.	Samkomuhús.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
124-VP	0,2	Kirkjuhvoll	Byggt 1923. Prestsetur til 1978. Hefur verið nýtt m.a. sem heimavist, listasetur og gistiheimili	Þjónustustarfsemi, þjónustustofnanir og íbúðir.
131-VP	0,4	Bensínstöð við Skagabraut/Stillholt.	Lóð fyrir bensínstöð.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
140-V	2,3	Verslunar og þjónustusvæði norðan Stillholts	Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag. Á svæðinu er verslunarkjarni og eldra verslunarhús.	Verslun, þjónusta og stofnanir. Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall er ákvarðað í deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
143-VP	0,5	Bensínstöð við Esjubraut/Kalmansbraut	Lóð fyrir bensínstöð.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
146-VP	1,1	Verslun og þjónusta	Norðurjaðar athafnasvæðisins við Smiðjuvelli	Verslun og þjónusta. N: 0,7.
212-VP	0,6	Verslunarlóð á jaðri Flatahverfis	Skv. deiliskipulagi Flatahverfis.	Verslun og þjónusta.
319 VP	1,6	Hausthúsatorg norðan þjóðveggar	Ógert	Eldsneytisafgreiðslustöð með veitingasölu, bílaþjónustu og upplýsingasvæði. Hámarkshæð 12 m. Heildarbyggingarmagn um 2.000 m <sup>2</sup> . Auglýsingaskilti heimil.

### 3.5 SVÆÐI FYRIR SAMFÉLAGSPJÓNUSTU (S)

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í aðalskipulagi skal tryggja aðstöðu fyrir öflugt og nútímalegt skólastarf á öllum skólastigum.</li> <li>• Lögð skal áhersla á áframhaldandi uppbyggingu safnasvæðisins að Görðum, þ.e. safnanna, umhverfis þeirra og aðkomu.</li> <li>• Menningarstofnanir verði aðgengilegar og hafi ákveðinn sess í bæjarmynd og bæjarlífi.</li> <li>• Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir frekari þróun sjúkrahússins og tengdrar starfsemi á lóð núverandi sjúkrahúss.</li> <li>• Metnaður verði lagður í frágang þess umhverfis sem börn alast upp í, þ.e. íbúðarhverfa, skólalóða og íþróttasvæða.</li> </ul>
---

Á svæðum fyrir samfélagsþjónustu er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum, sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Engin áform eru um breytingar á stofnanasvæðunum. Miðað við líklegar breytingar á aldurs-samsetningu og fjölskyldugerð verða æ fleiri íbúar og íbúðir á bak við hvern leikskóla og grunnskóla. Líkur eru á því að skólabornum fjölgi lítið þrátt fyrir að áætlun um íbúafjölgun gangi eftir. Gert er ráð fyrir grunnskóla og leikskóla í Skógahverfi vegna stærðar þess. Hlutfallstala aldriðra hækkar þó nokkuð þannig að þjónusta við þá verður umfangsmeiri en nú er. Með breyttum áherslum í öldrunarþjónustu, sem miða að því að aldrið búi við góðar aðstæður á eigin heimili sem lengst, ætti öldrunarþjónusta að geta rúmast innan núverandi stofnanasvæða.

Sambýli og sérhæfðar íbúðir s.s. fyrir fatlaða og aldrið eru eðlilegur hluti íbúðarhverfa og því ekki skilgreindrar sérstaklega í aðalskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
123-S	0,2	Leikskólinn Teigasel		Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
125-S	1,5	Sjúkrahús, heilsugæslustöð		Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
126-S	2,5	Brekubæjarskóli,	Grunnskóli, íþróttahús	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
127-S	0.6	Við Vesturgötu og Ægisbraut.	Smáiðnaður. Deiliskipulag í gildi.	Svæði fyrir leik- og/eða grunnskóla. Nýting tengist 129-OP. Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
137-S	1,4	Fjölbrautarskóli Vesturlands		Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
138-S	0,4	Heimavist FV		Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
				kafla 3.1.1.
205-S	0,6	Leikskólinn Vallarsel		Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
208-S	2,4	Dvalarheimilið Höfði	Dvalarheimili aldraðra.	Uppbygging skv. deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2. Tiltölulega þétt byggð möguleg.
214-S	0,9	Leikskólinn Akrasel		Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
216-S	3,8	Grundarskóli og leikskólinn Garðasel	Grunnskóli og leikskóli	Svæðið ekki fullnýtt. Byggingarmöguleikar skilgreindir í deilisk.
218-S	1,5	Stofnanalóð við Garða	Óbyggt	Svæði fyrir menningarstofnun, t.d. í tengslum við safnasvæðið. Blönduð landnotkun, stofnanalóð með útivistargildi.
219-S	3,3	Safnasvæðið í Görðum	Safnahús ásamt safni aðfluttra húsa og safnmunum, m.a. bátum, utanhúss.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
225-S	3,4	Stofnanasvæði í Skógarhverfi	Skólasvæði Skógarhverfis. Deiliskipulag í gildi.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.

### 3.6 ATHAFNASVÆÐI (AT)

- Sköpuð verði skilyrði til framþróunar atvinnulífs og fjölgunar starfa í bæjarfélaginu. Einnig er stefnt á frekari uppbyggingu á athafnasvæðinu á Grundartanga í samvinnu við nágrennasveitarfélögin.
- Sett verði fram skýr stefna um skilgreiningu atvinnusvæða. Í deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæða verði leitast við að gera ráð fyrir sérstökum svæðum fyrir fyrirtæki í matvælavinnslu og matvælaiðnaði til þess að komast hjá hagsmunaárekstrum milli ólíkra atvinnugreina. Sérstök ákvæði verði sett um starfsemi á slíkum atvinnusvæðum.
- Stefnt er að uppbyggingu grænna iðngarða í Flóahverfi.
- Að óbreyttu er stefnt að því að Smiðjuvellir þróist í að verða blanda verslunar/þjónustu- og athafnasvæðis. Þar verði þar einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu sem ekki á heima í miðbæ. Meginhluti svæðisins er skilgreindur sem athafnasvæði. Smiðjuvallasvæðið er afmarkað sem þróunarsvæði. Til álita kemur að þar verði blönduð byggð íbúða og fjölbreyttar atvinnustarfsemi.

Á athafnasvæðum er heimil starfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem iðnfyrirtæki, verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir svo og atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, stórra útsvæða eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflytinga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður. Almenn er ekki gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum öðrum en þeim, sem tengjast beint viðkomandi starfsemi s.s. fyrir húsverði.

Í deiliskipulagi núverandi og nýrra athafnasvæða skal taka mið af markmiðum bæjarstjórnar um sérhæfð svæði þannig að komist verði hjá hagsmunaárekstrum ólíkra atvinnugreina.

Í Flóahverfi er gert ráð fyrir s.k. grænum iðngörðum (Eco Industrial Park, EIP) en það er klasi fyrirtækja sem leitast við að ná fram umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum ávinningi með samstarfi um stjórn umhverfis- og auðlindamála.

Matvælafyrirtækjum sem háð eru gæðum nánasta umhverfis eða kunna að hafa í för með sér verulega takmörkun á starfsemi í næsta nágrenni verði beint á iðnaðarsvæði 312-I í Flóahverfi.

Þar sem nauðsynlegt er að koma fyrir eða nýta gáma á lóðum fyrirtækja skal það gert í samráði við byggingarfulltrúa. Gætt skal að eldvörnum þannig að ekki verði hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað og fengið leyfi frá aðliggjandi lóðarhöfum ef gámar eru settir á lóðamörk.

Á svæði 134-Íb við Ægisbraut er gert ráð fyrir blandaðri byggð þar sem gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæðum en íbúðum á efri hæðum bygginga.

Umfang nýrra athafnasvæða í Flóahverfi og Kirkjutungu eru umfram áætlaða landþörf fyrir ný störf á skipulagstímabilinu en í afmörkun þeirra felst viðbúnaður til þess að geta tekið við nýjum fyrirtækjum sem ekki eiga heima í nálægð við íbúðarbyggð eða miðbæ svo og fyrirtækjum sem þurfa meira landrými en svo að rúmist í byggðinni innan þjóðvegjar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
105-AT	7,2	Athafnasvæði á Breiðinni	Svæðið er að mestu leyti nýtt fyrir hafnsækna starfsemi. Til er samþykkt deiliskipulag svæðisins.	Hafnsækin starfsemi, sjávarútvegur, fiskiðnaður, annar iðnaður. Svæðið er hluti þróunarsvæðis A. Þar kemur til álita breytt landnotkun t.d. með blandaðri byggð og íbúðum.
109-AT	0,2	Við suðurenda Akursbrautar.	Starfsmannaaðstaða fyrir nærliggjandi atvinnustarfsemi	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
113-AT	0,4	Við Akursbraut.	Ýmis starfsemi	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
127-AT	0,6	Við Vesturgötu og Ægisbraut.	Smáiðnaður. Deiliskipulag í gildi.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
144-AT	16,7	Smiðjuvallasvæðið; Smiðjuvellir, Kalmansvellir	Fjölbreytt atvinnustarfsemi; verslanir (byggingarvörur, húsgögn, matvara), verkstæði, slökkvistöð, þjónusta. Aðaluppbyggingarsvæði fyrir almenna atvinnustarfsemi. Hálfbyggt.	Blönduð landnotkun. Léttur iðnaður og atvinnu- og þjónustufyrirtæki, sem ekki hafa neikvæð áhrif á umhverfi sitt. Heimil verslun með fyrirferðarmikinn varning og/eða með vörur sem ekki eiga heima í miðbæ eða á verslunarsvæðum. Smáverslanir og sérverslanir einungis heimilar í tengslum við skylda/tengda framleiðslu eða atvinnustarfsemi. Ákvæði um nýtingarhlutfall og yfirbragð skulu sett í deiliskipulagi. Allt að fimm hæða byggð, nánari ákvæði um húsagerðir og hæðir skulu sett í deiliskipulagi. Geymsla jarðefna (t.d. mól, sandur) utandyra óheimil. Svæðið er afmarkað sem þróunarsvæði og breytingar hugsanlegar sbr. kafla 3.20.3.
306-AT	4,8	Miðvogslækjarsvæði	Deiliskipulagt. Gróðrarstöð.	Gróðrarstöð, garðyrkjusvæði. Gróðurhús og starfsmannaaðstaða.
311-AT	20,0	Flóahverfi	Deiliskipulag í gildi. Gatnagerð og uppbygging hafin (2021).	Heildarbyggingarmagn um 45.000 m <sup>2</sup> . Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
323 AT	74,7	Athafnasvæði í Óslandi-Kirkjutungu.	Óbyggt, óskipulagt.	Svæði fyrir plássfrekan atvinnurekstur, t.d. gagnaver. Ákvæði um byggingarmagn og yfirbragð verða sett í deiliskipulagi.

### 3.7 IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Á iðnaðarsvæðum á Akranesi er annars vegar gert ráð fyrir veitumannvirkjum og hins vegar starfsemi sem talin er geta haft neikvæð áhrif á umhverfi sitt. Þar er um að ræða:

- veitumannvirki vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu (skólpdælu- og hreinsistöðvar).
- iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér.
- endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunar-miðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Rekstri sementsverksmiðjunnar hefur verið hætt og meginhluti bygginga hennar fjarlægður. Helsta iðnaðarsvæði bæjarins er nú í Höfðaseli (314-I, 315-I og 316-I) og framtíðarsvæði í Flóahverfi (312-I). Flatarmál svæðanna er umfram áætlaða landþörf vegna nýrra starfa í iðnaði á skipulagstímabilinu. Í þessum svæðum felst viðbúnaður til þess að geta tekið við iðnfyrirtækjum hvers konar, sem ekki rúmast innan núverandi iðnaðarsvæða. Í deiliskipulagi svæðanna skal taka mið af markmiðum bæjarstjórnar um sérhæfð svæði og áformum um græna iðngarða (EIP) þannig að komist verði hjá hagsmunaárekstrum ólíkra atvinnugreina.

Á iðnaðarsvæði Flóahverfis 312-I er heimilt að gera ráð fyrir klasa matvælafyrirtækja sem háð eru gæðum nánasta umhverfis eða kunna að hafa í för með sér verulega takmörkun á starfsemi í næsta nágrenni.

Þar sem nauðsynlegt er að koma fyrir eða nýta gáma á athafnasvæðum iðnaðarlóða skal það gert í samráði við byggingarfulltrúa. Gætt skal að eldvörnum þannig að ekki verði hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað og fengið leyfi frá aðliggjandi lóðarhöfum ef gámar eru settir á lóðamörk.

Veitumannvirki eru á sérhæfðum iðnaðarsvæðum. Ekki er heimilt að hafa þar aðra iðnaðarstarfsemi. Þetta á við aðveitustöð rafveitu, dælustöðvar og hreinsistöð fráveitu. Þær dælustöðvar, sem ekki lenda innan marka annarra iðnaðarsvæða, eru merktar með punkti. Dælustöðvarnar eru litlar og að öllu leyti neðanjarðar þannig að þær hafa sem næst engin sýnileg áhrif á umhverfi sitt. Hreinsistöð fráveitu og útrás er við Ægisbraut (135-I).

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
106-I		Vatnsveita, neysluvatnstankur	Vatnsgeymir á Breiðinni	Óbreytt
107-I		Dælustöð fráveitu við Breiðargötu	Óbyggt. Mannvirki neðanjarðar.	Nákvæm lega og umfang verður ákvarðað í deiliskipulagi í samræmi við áætlun um fráveitukerfi bæjarins.
122-I		Dælustöð fráveitu við Krókalón	Mannvirki neðanjarðar. Fullbyggt.	Óbreytt
130-I		Dælustöð fráveitu við Stillholt	Fullbyggt	Óbreytt
135-I	0,5	Dælu og hreinsistöð fráveitu við Ægisbraut	Fullbyggt	Óbreytt
145-I	0,4	Aðveitustöð rafveitu.	Fullbyggt	Aðveitustöð rafveitu.
211-I		Dælustöð fráveitu við Leyni	Fullbyggt. Mannvirki neðanjarðar	Óbreytt
232-I		Vatnsveita, geislahús	Geislahús ofan Garðalundar	Óbreytt
307-I	0,9	Hitaveitugeymar við Þjóðveg	Vatnsgeymar og dælustöð hitaveitu.	Svæði fyrir vatnsgeyma og önnur mannvirki hitaveitu.
312-I	16,9	Flóahverfi, iðnaðarsvæði	Deiliskipulag í gildi. Óbyggt.	Iðnaðarsvæði. Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
314-I	6,9	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Steypustöð og fleiri fyrirtæki. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
315-I	7,5	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Sorpmóttökustöð. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
316-I	3,0	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Gamlir aflagðir öskuhaugar. Hugsanlega mengaður jarðvegur.	Lóðir fyrir geymslusvæði og opin athafnasvæði með lágmarks aðstöðubyggingum.
328-I		Veitumannvirki við Flóahverfi	Fullbyggt	Dælustöð fráveitu.

### 3.8 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)

- Unnið verði áfram að því að minnka umfang sorps til förgunar m.a. með flokkun og endurvinnslu. Markmið um úrgang og úrgangsméðhöndlun eru í umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.
- Úrgangsflokkun og meðhöndlun verði sett í samhengi við rekstur grænna iðngarða (EIP).

Ákvæði um efnistöku og efnislosun eru tímabundin eða magnbundin og eiga ekki við um endanlega landnotkun á viðkomandi svæði. Svæðin eru því ekki merkt sem landnotkunarreitir heldur með E-nr og sýnd sem strikaður flötur ofan á núverandi eða fyrirhugaðri landnotkun að efnisnámi eða efnislosun lokinni.

#### 3.8.1 EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökusvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Engin efnistökusvæði eru innan bæjarmarka.

#### 3.8.2 LANDFYLLINGAR

Landfyllingar sem eru áætlaðar 5 ha eða stærri og kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir landfyllingum á hafnarsvæði 102-H og verslunar- og þjónustusvæði 103-VP. Tákn fyrir efnislosun/landfyllingu (skástríkun) er lagt yfir fyrirhugaða landnotkun (hafnarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði).

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
E-1	6,0	Á hafnarsvæði 102 H.	Fyrirhuguð landfylling við Akraneshöfn	Umfang og útfærsla skv. deiliskipulagi.
E-2	1,1	Á íbúðarsvæði með blandaðri byggð við Sementsbryggju.	Landfylling við Sementsbryggju og Faxabraut	Umfang og útfærsla skv. deiliskipulagi.

#### 3.8.3 EFNISLOSUN OG SORPFÖRGUN

Á svæði E-3 vestan skógræktarinnar í Slögu verður heimilt að losa jarðefni, mold, t.d. úr húsgrunnum og gatnagerð og nýta til landmótunar. Unnið skal deiliskipulag og áætlun um landmótun.

Heimilt er að nýta jarðveg t.d. úr húsgrunnum og gatnagerð í jarðvegsmanir, sem gert er ráð fyrir í umgjörð athafna- og iðnaðarsvæða norðan þjóðveggar svo og í landmótun á opnum svæðum og útivistarsvæðum án sérmerkingar í aðalskipulagi. Sum svæðanna eru skilgreind sem skjólbelti (-SL).

Efnislosun fyrir óvirkan úrgang var á svæði 316-OP við Berjadalsá. Svæðinu hefur verið lokað. Ekki eru önnur sorpförgunarsvæði á Akranesi.



Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
E-3	8,8	Moldartíppur efst í Kirkjutungu.	Í vinnslu	Efnislosunarsvæði fyrir jarðefni. Umfang og landmótun verður skilgreind í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaáætlun.

### 3.9 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ (F)

Ekkert svæði innan bæjarmarka er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Í deiliskipulagi svæðis 304-AF, tjaldsvæði í Kalmansvík, er gert ráð fyrir litlum gistiskálum. Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðarmannasvæði.

### 3.10 AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)

- Gert verði ráð fyrir þjónustu við ferðamenn og aðstöðu í góðum tengslum við útivistarsvæði bæjarins í Garðalundi.

Afþreyingar- og ferðarmannasvæði eru svæði fyrir aðstöðu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Tjaldsvæði er í Kalmansvík og er þar gert ráð fyrir möguleika á byggingu lítilla gistiskála fyrir ferðamenn. Við Guðlaugu, baðlaug á Langasandi, verður byggð frekari aðstaða fyrir baðgesti. Að auki er gert ráð fyrir að Breiðin með minjum um horfna atvinnuhætti, gamla og nýja vitanum, sem er einstakur útsýnisstaður, verði aðdráttarafli ferðamanna. Ferðamannaaðstaða í Garðalundi er á svæði sem skilgreint er sem opið svæði.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
104-AF	4.1	Breiðin	Neðsti hluti Breiðarinnar, gömul stakkstæði, vitar, fyrrum lóð olíubirgðastöðvar.	Ferðaþjónustusvæði, aðstaða fyrir ferðamenn. Svæðið er hluti þróunarsvæðis þar sem nánari stefna um nýtingu og uppbyggingu verður mótuð.
207-AF		Baðlaug á Langasandi, Guðlaug.	Fullgerð.	Baðlaug. Búningsklefar og tilheyrandi þjónusta verða innan svæðis 206-ÍP.
304-AF	5,29	Tjaldsvæði við Kalmansvík	Tjaldsvæði í rekstri.	Tjaldsvæði, litlir gistiskálar og þjónustubyggingar. N: 0,02. Áhersla skal lögð á góða aðlögun að umhverfi og menningarminjum. Sérákvæði sett í deiliskipulagi.

### 3.11 ÍPRÓTTASVÆÐI (ÍP)

- Unnið verði áfram að uppbyggingu fjölbreyttrar íþróttaaðstöðu með áherslu á holla hreyfingu, almenningsíþróttir, skipulagt og þroskandi unglingsstarf og keppnis- og afreksíþróttir. Haldið verði áfram uppbyggingu skóla- og íþróttasvæðis í Skógahverfi.

Íþróttasvæði eru stór sérhæfð svæði fyrir íþróttamannvirki svo sem skeiðvellir og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvellir og stærri íþróttamiðstöðvar. Á svæðunum geta verið viðeigandi byggingar, stórar sem smáar sbr. skipulagsákvæði viðkomandi svæðis og deiliskipulag.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
206-ÍP	13,0	Íþróttasvæði á Jaðarsbökkum	Aðalíþróttasvæði bæjarins, fótboltavellir, íþróttahús og sundlaug.	Íþrótt og útivistarsvæði. Gert er ráð fyrir uppbyggingu alhliða íþróttamannvirkja og þjónustu skv. deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
233-ÍP	62,4	Golfvöllur í Leyni	18 holu golfvöllur.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
310-ÍP	9,9	Hesthúsahverfi við Æðarodda		Hesthúsasvæði með æfinga og keppnisbrautum. Hesthús, reiðhöll, félagsheimili og viðeigandi byggingar.
317-ÍP	13,0	Akstursíþróttasvæði við Berjadalsá	Akstursbrautir.	Unnið skal deiliskipulag og áætlun um landmótun sem gefi kost á íþróttaiðkun, t.d. akstursbrautum o.þ.h. Heimilt að byggja viðeigandi aðstöðuhús fyrir starfsemina skv. deiliskipulagi.
325 ÍP	6,0	Skotfimisvæði Akraneskaupstaðar úr landi Óss.	Skotvöllur og æfingasvæði.	Skotvöllur skal mótaður með hliðsjón af öryggi aðliggjandi svæða og hljóðvörnum. Heimilt er að nýta svæðið sem jarðvegstípp og nýta jarðveg til landmótunar. Heimillt að reisa aðstöðuhús fyrir starfsemina. Sett skulu ákvæði um mengunarvarnir á svæðinu.

### 3.12 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)

Gamall kirkjugarður er í Görðum. Gert er ráð fyrir stækkun hans til vesturs yfir svæði sem áður var möguleg kirkjulóð.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
220-K	5,7	Kirkjugarður í Görðum	Deiliskipulag gamla hlutans í gildi.	Kirkjugarður, bílastæði og tilheyrandi þjónustumannvirki.

### 3.13 OPIN SVÆÐI, ÚTIVISTARSVÆÐI (OP)


- Sérstök áhersla skal lögð á að gera útivistarsvæði bæjarins aðgengileg og eftirsótt. Þau skulu tengd saman sem heild með stígakerfi bæjarins.

Sem opin svæði flokkast skruðgarðar, útivistarsvæði, leiksvæði, opið óbyggt land með sérákvæðum og opið land án skilgreindra nota. Stór hluti lands utan byggðarinnar er skilgreindur sem opin svæði, m.a. gömul ræktarlönd. Einnig eru nokkur opin svæði innan byggðarinnar sem nýtast m.a. sem leiksvæði. Hluti óbyggðra svæða eru verndarsvæði (friðland í Innstavogsnesi og hverfisverndarsvæði með ströndinni) og gilda þar sérstök ákvæði.

Hefðbundnar nýttjar á opnum óbyggðum svæðum haldast eins og verið hefur. Heimilt er að nýta óbyggð svæði sem garðlönd og til beitar þar sem aðstæður leyfa. Stefnt skal að því að öll beit á Akranesi verði innan girðinga eða í beitarhólfum. Beit skal hagað með hliðsjón af beitarþörf og gróðurverndarmarkmiðum, m.a. um endurheimt votlendis og að komið verði í veg fyrir ofbeit í samvinnu við hagsmunaaðila.

Innan óbyggðra svæða er heimilt að leggja reiðstíga og göngustíga og byggja upp nauðsynlega aðstöðu vegna útivistar s.s. aðkomuleiðir, bílastæði og salernisaðstöðu eða aðrar byggingar sbr. skipulagsákvæði viðkomandi svæðis. Það fer eftir umfangi hvort vinna þarf deiliskipulag vegna slíkrar mannvirkjagerðar.

Opin svæði án skilgreindra nota umfram almenn ákvæði sbr. skipulagsreglugerð eru merkt OP án númera. Opín svæði með sérstökum ákvæðum eru merkt með staðgreininúmeri á sama hátt og aðrir landnotkunarreitir.



Mynd 7. Svæði sem nýtast til útivistar, leikja og íþróttar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
110-OP	0,5	Akurshóll	Óbyggt opið svæði.	Útivistarsvæði
114-OP	0,5	Merkurtún við Skólabraut	Leiksvæði, skrudgarður.	Leiksvæði, skrudgarður.
129-OP	0,5	Íþróttasvæði, sparkvöllur við Ægisbraut	Eitt iðnaðarhús, að öðru leyti óbyggt svæði.	Opið svæði með íþróttar og leiksvæði. Minni háttar byggingar vegna starfseminnar heimilar.
147-OP	3,0	Opið svæði við Kalmansvík	Óbyggt svæði, útivistarsvæði	Útivistarsvæði. Almenn ákvæði. Sérákvæði sett í deiliskipulagi.
202-OP	0,8	Jaðarsbakkar	Óskipulagt, óbyggt	Útivistarsvæði.
229-OP	10,6	Útivistarsvæði við Garðalund /Skógahverfi	Óskipulagt	Útivistarsvæði, skrudgarður í tengslum við Garðalund og Skógahverfi. Aðstaða fyrir útivist og æfingarsvæði.
230-OP	5,6	Garðalundur, skrudgarður/skógrækt	Skólaskógar	Skrudgarður og mótað útivistarsvæði. Heimilt að reisa aðstöðuhús fyrir starfsemi og útivist skv. deiliskipulagi.
231-OP	22,0	Skógræktar og útivistarsvæði í Klapparholti og Garðakeldu.	Skógræktarsvæði, skrudgarður.	Útivistarsvæði, ræktunarsvæði, skrudgarður. Heimilt að reisa aðstöðuhús fyrir starfsemi og útivist skv. deiliskipulagi.
309-OP	2,5	Vogar.	Landspilda við Innstavog.	Landskiki með heimild fyrir einbýlishús og landbúnaðarbyggingar samkvæmt deiliskipulagi lóðar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
318-OP	30,9	Opið land norðan Kalmansvíkur og Þjóðveggar	Gróið land. M.a. nýtt sem beitarhólf.	Framtíðarbyggingarsvæði fyrir íbúðarbyggð eftir skipulags-tímabil aðalskipulagsins.
320-OP	23,6	Hugsanlegt vegstæði Grunnafjarðarleiðar ofan byggðar.	Óbyggt svæði. Gömul tún. Skipulagi var frestað í ASAKRA 2005-2017.	Óheimilt er að skipuleggja landnotkun eða varanleg mannvirki sem staðið geta í vegi fyrir breyttum þjóðvegi. Svæðið verður nytjað á sama hátt og hingað til.
321-OP	3.4	Opið land við Berjadalsá.	Áður urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang við Berjadalsá.	Um svæðið gildir áætlun í samræmi við reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003 um lokun, frágang og vöktun. Frágangur og landmótun falli vel að aðliggjandi svæðum.
326-OP	32.0	Opið land í Innsta-Vogi	Gróið framræst land. M.a. nýtt sem beitarhólf.	Framtíðarbyggingarsvæði fyrir íbúðarbyggð eftir skipulags-tímabil aðalskipulagsins.

### 3.14 HAFNARSVÆÐI (H)

- Stefnt er að stækkun hafnarsvæðisins með gerð landfyllingar til að laða að hafnsækna starfsemi, þar á meðal ferðaþjónustu, og tryggja þróun útgerðar og fiskvinnslu á Akranesi. Tryggja skal fjölbreytilegt lóðaframboð á hafnarsvæðum.

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnarmannvirkjum hvers konar og hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, matvælavinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum, farþegaflutningum, skipasmíði og skipaviðgerðum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka við reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 671/2000.

Matvælafyrirtækjum sem háð eru gæðum nánasta umhverfis eða kunna að hafa í för með sér verulega takmörkun á starfsemi í næsta nágrenni verði beint á iðnaðarsvæði 312-I (sbr. ákvæði i kafla 3.7).

Tvö hafnarsvæði eru á Akranesi; 102-H, Akraneshöfn og 120-H, skipasmíðastöð við Lambhúsasund. Svæði 102-H var minnkað verulega með breytingu 2017 þar sem Skarfatangahöfn var felld út. Nú er landfylling sunnan aðalhafnargarðsins mótuð á annan hátt en áður þannig að hún nær ekki að Skarfavör. Alls verður landfylling og lenging bryggjunnar um 6 ha. Sjá einnig kafla 3.8.2 um landfyllingar. Gert er ráð fyrir því að fyllingin muni hafa góð áhrif á hafnarskilyrði og skiptir stefna varnargarðsins máli í því tilliti.

Sjór innan hafnarmannvirkja telst hluti hafnarsvæðisins og er sýndur með ljósbláum lit á uppdrætti. Uppgefið er flatarmál á landi en hafnarsvæðið allt er um 24 ha. Breytingar á mannvirkjum innan hafnarsvæðisins, t.d. á bryggjum og varnargörðum innan hafnar, skal ákveða í deiliskipulagi og krefjast þær ekki breytingar á aðalskipulagi. Skipulag hafnarsvæða skal unnið í samráði við hafnarstjórn.

Akranesviti er utan hafnarsvæða, þ.e. á strandsvæði á Breiðinni. Krossvíkurviti, sem nýttur er sem innsiglingarljós, er á íþróttasvæði 206-ÍP.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
102-H	17,6	Akraneshöfn	Fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækni starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta	Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants og um 6 ha.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
			hafnarsvæðisins.	landfyllingu sunnan núv. sjóvarnargarðs. Lenging sjóvarnargarðs er með fyrirvara um að gerð verði athugun á áhrifum hennar á sandflutninga og sandbúskap Langasands.
120-H	5,2	Hafnarsvæði við Lambhúsasund, Grenjar	Fyrrum skipasmíðastöð og dráttarbraut. Öflug iðnaðarstarfsemi tengd sjávarútvegi.	Á svæðinu er gert ráð fyrir skipasmíði, skipaviðgerðum, hafnsækinni starfsemi, iðnaðarframleiðslu og þjónustu við sjávarútveg, fiskiðnað og annan matvælaíðnað.

### 3.15 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)

Ekkert landbúnaðarsvæði er innan sveitarfélagsins. Allt land telst innan þéttbýlismarkna.

### 3.16 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆDSLUSVÆÐI (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu. Skógræktarsvæði á Akranesi eru fyrst og fremst skjólbelti, útivistarsvæði og yndisskógar.

Engin landgræðslusvæði eru á Akranesi. Talsverð skógrækt er í Garðaflóa. Gamla skógræktin í Garðalundi er verðmætt útivistarsvæði og er merkt sem opið svæði (230-OP) og skógræktarsvæði norðan hans verða m.a. nýtt sem garðlönd (231-OP). Mörkum skógræktarsvæða verður breytt með stækkun Skógahverfis og verður það vegið upp með aukinni skógrækt í jaðri hverfisins. Vaxandi skógur mun einkenna mörk byggðarinnar og skýla henni fyrir norðanvindum auk þess sem hann mun verða útivistarsvæði í nálægð nýrrar íbúðarbyggðar. Gert er ráð fyrir minni háttar mannvirkjum s.s. aðstöðuhúsum og salernum auk stíga og aðkomuleiða.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
234-SL	4,5	Skógræktarsvæði í Þverkeldu sunnan þjóðveggar.	Skógræktarsvæði	Útivistarskógur.
235-SL	7,9	Skógræktarsvæði í Lækjabotnum sunnan þjóðveggar.	Skógræktarsvæði	Útivistarskógur.
313-SL	9,6	Fyrirhuguð skjólbelti utan um byggingarsvæði í Flóahverfi.	Ógert	Skjólbelti og jarðvegsmanir utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar og athafnasvæði.
317-SL	0,7	Skjólbelti og jarðvegsmanir umhverfis iðnaðarsvæði	Ógert	Skjólbelti og jarðvegsmanir utan um iðnaðarsvæði.
324-SL	10,0	Skjólbelti og jarðvegsmanir umhverfis athafnasvæði	Ógert	Skjólbelti og jarðvegsmanir utan um fyrirhugað athafnasvæði.
327 SL	38.5	Skógræktarsvæði Akraneskaupstaðar úr landi Óss.	Skógræktarsvæði	Útivistarskógur.

### 3.17 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)

Óbyggð svæði eru svæði þar sem hvorki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. Land ofan 100 m h.y.s. í Akrafjalli er skilgreint sem óbyggt svæði (ÓB). Óbyggð svæði innan byggðar á Akranesi eru skilgreind sem opin svæði (OP).

### 3.18 VATNSBÓL (VB, VG, VF)

Brunnsvæði og grannsvæði vatnsbóla innan bæjarmarka eru í Slögu í landi Óss undir vesturhlíð Akrafjalls. Önnur vatnsból og meginhluti grann- og fjarsvæða vatnsbóla eru í Hvalfjarðarsveit. Vatnsverndarsvæðum er skipt í þrjá flokka og eru þau merkt VB, VG og VF á skipulagsupprætti. Um vatnsból og vatnsverndarsvæði gilda m.a. ákvæði reglugerða nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 536/2001 um neysluvatn og nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (m.s.br).

#### BRUNNSVÆÐI VB

I. flokkur verndarsvæðis: Brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annari en þeirri, sem nauðsynleg er vegna vatnsveitunnar. Vatnsból og mannvirki skulu afmörkuð með girðingu eða öryggi tryggt á jafngildan hátt

#### GRANNSVÆÐI VG

II. Flokkur verndarsvæðis: Á grannsvæðum vatnsbóla er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

#### FJARSVÆÐI VF

Fjarsvæði vatnsbóla Akraneskaupstaðar eru utan sveitarfélagsmarka. Þau eru aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að vatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem mengað geta grunnvatn. Ákvæði um fjarsvæði eru í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

### 3.19 STRANDSVÆÐI (ST)


Strandsvæði eru innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings skal tryggt og mannvirkjagerð haldið í lágmarki.

Óbyggð svæði milli byggðar (landnotkunarreita) og sjávar eru skilgreind sem strandsvæði. Hluti þeirra nýtur hverfisverndar og gilda þar hverfisverndarákvæði. Svæðin eru ónúmeruð en merkt ST.

Tryggja skal útivistargildi svæðanna og aðgengi almennings t.d. með stígagerð og áningarstöðum. Sjóvarnargarðar eru heimilir á strandsvæðum sbr. kafla 4.4.1, svo og mannvirki veitukerfa samkvæmt skipulagi, vitar og siglingamerki.

### 3.20 ÞRÓUNARSVÆÐI

Afmörkuð eru þrjú þróunarsvæði þar sem unnið er að stefnumörkun um framtíðar nýtingu og skipulag. Landnotkunarreitir innan þróunarsvæðanna eru á þessu stigi skilgreindir út frá gildandi aðalskipulagi og þeim þróunarhugmyndum, sem fram hafa komið við endurskoðun aðalskipulagsins. Miðað er við að aðalskipulagi innan þróunarsvæðanna verði breytt gefi ný og breytt áform á grunni þróunaráætlana eða samkeppni tilefni til þess.



Mynd 8. Uppdráttur – þróunarsvæði A, B og C.

### 3.20.1 ÞRÓUNARSVÆÐI A, BREIÐIN OG NÁGRENNI

Þróunarsvæði A nær yfir landnotkunarreiti á Breið, hafnarsvæði 102 og inn á aðliggjandi svæði, alls um 35 ha. Fyrir liggja fyrstu tillögur að framtíðarsýn um svæðið, sem unnar hafa verið af ráðgjafasviði KPMG í samvinnu við fulltrúa bæjarins og hagsmunaaðila á Akranesi. Lykil áherslur er efling samfélags, atvinnulífs og sjálfbærni. Horft er til sögu, styrkleika svæðisins og alþjóðlegra strauma við mótun stefnunnar.

Horft er m.a. til eftirfarandi landnotkunar:

- Rannsóknar, nýsköpunar, hátækni starfsemi ásamt samvinnurými til að laða til sín ungt skapandi og efnilegt fólk. Nýta tækifæri tengt 4. iðnbyltingunni með að tengja saman einstaklinga með verkvit, hugvit og viðskiptavit. Áhersla á nýsköpun tengdri stærstu atvinnugreinum Akranes til að byggja á því sem er nú þegar til staðar í nýsköpun í sjávarútvegi, iðnaði og heilbrigðisþjónustu.
- Heilsutengd ferðaþjónusta með heilsuhóтели, veitingarhúsi og útivistarsvæði fyrir heilsugarða sem gæti verið miðstöð sjóbaða á Íslandi.
- Heilsa og heilbrigðismál með blandaðri byggð, íbúðasvæði, skrifstofurými og ýmis þjónusta með áherslu á að bæta vellíðan, heilsu og félagslega virkni.
- Hafsækin starfsemi með nýsköpun í sjávarútvegi, nýtingu tækifæra sem búa í jaðartegundum.
- Öðrum þáttum sem kunna að koma fram eftir því sem þróunarverkefninu vindur fram.

### 3.20.2 ÞRÓUNARSVÆÐI B, LANGISANDUR – LEYNIR

Þróunarsvæði B er rúmlega 30 hektarar að flatarmáli. Stór hluti þess er innan hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi. Það tekur yfir útivistarsvæði frá Leynisfjörum um Sólmundarhöfða og Langasand að Faxabraut, aðliggjandi landnotkunarreiti, sem eru íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum (206 ÍP), íbúðarbyggð á Sólmundarhöfða (209 og 210 Íb), hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði (208 S), og nær inn á aðliggjandi fjölbýlishúsalóðir við Garðabraut, Höfðabraut og Jaðarsbraut.

Haldin var hugmyndasamkeppni um nýtingu svæðisins 2021. Ekki liggja fyrir breyttar áætlanir um nýtingu og útfærslu svæðisins á þessu stigi.

### **3.20.3 PRÓUNARSVÆÐI C, SMÍÐJUVALLASVÆÐI**

Þróunarsvæði C er 7,8 hektarar að flatarmáli. Stærstur hluti þess er athafnasvæði við Smiðjuvelli og Kalmansvelli. Þar er fjölbreytt starfsemi með iðnfyrirtækjum, verslun og þjónustufyrirtækjum, stórum og smáum. Svæði er að hluta vannýtt og óbyggt.

Við gerð þróunaráætlunar verða m.a. skoðaðir möguleikar á þéttri blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Forsendur breytinga eru annars vegar möguleikar á tilfærslu og uppbyggingu plássfrekrar atvinnustarfsemi og fyrirtækja, sem hafa áhrif á umhverfi sitt upp í Flóahverfi eða Kirkjutungu og hins vegar að stór hluti nýrra starfa í verslun, þjónustu og skapandi greinum verður í fyrirtækjum sem vel geta verið í nábýli við íbúðarbyggð og á það einnig við hluta þeirrar starfsemi sem fyrir er á svæðinu.




## 4 VERNDARÁKVÆÐI OG TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

### 4.1 NÁTTÚRUVERND

Unnið verði markvisst að skipulags- og umhverfismálum í anda sjálfbærar þróunar svo að gætt verði jafnvægis í umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum þáttum með það að markmiði að gera bæjarfélagið sem vænlegast til búsetu og reksturs fyrirtækja.

- Í samræmi við áherslur og framkvæmdaáætlun í umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar verður unnið að því að bæta ásýnd og ímynd bæjarins með áherslu á uppbyggingu og viðhald grænna svæða og aukinni umhverfisvitund bæjarbúa.
- Áfram verði unnið að innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna, með það að markmiði að bæta gæði ofanvatns, stuðla að grænna umhverfi, auka líffræðilega fjölbreytni í byggðinni og lækka viðhaldskostnað.



Mynd 9. Náttúruverndarsvæði og vatnsverndarsvæði.

#### 4.1.1 FRIDLÝST SVÆÐI (FS)

Eitt svæði innan bæjarmarka er friðlýst skv. náttúruverndarlögum. Blautós og Innstavogsnes er friðland og gilda um það sérstakar umgengnisreglur. Engin önnur svæði innan skipulagssvæðisins eru á náttúruminjaskrá.

- **FS** Blautós og Innstavogsnes eru friðlýst sem friðland skv. náttúruverndarlögum. Stærð svæðisins er 280 ha. Afmörkun friðlandsins á skipulagsupprætti er samkvæmt gögnum frá Umhverfisstofnun.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
329-FS	280,0	Blautós og Innstavogsnes	Friðland skv. náttúruverndarlögum.	Um svæðið gilda sérstakar reglur skv. auglýsingu Umhverfisráðuneytisins 3. mars 1999. M.a. ákvæði um nytjar, almenna för fólks, takmarkanir á mannvirkjagerð og umferð vélknúinna tækja og bann við veiðum og losun rusls eða sorps. Lagt verði mat á hvort aðgerða sé þörf á skipulagi svæðisins m.t.t. umgengni og náttúruverndar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að verndarsvæðið verði stækkað til norðurs og suðurs með ströndinni og myndi þá ná inn í miðja Kalmansvík (B-hluti náttúruminjaskrár, framkvæmdaætlun). Stækkað verndarsvæði mun verða innan marka hverfisverndarsvæðis 301-HV skv. aðalskipulagi og ná að sjóvarnargörðum efst í fjörunni. Stækkun friðlýsta svæðisins mun ekki hafa nein áhrif á aðra landnotkun.

#### 4.1.2 HVERFISVERND VEGNA NÁTTÚRUFARS OG ÚTIVISTAR (HV)

##### ALMENNAR FORSENDUR

Sett eru ákvæði um hverfisvernd nokkurra svæða. Öll strandlengjan innan skipulagssvæðisins, að frátalinni höfninni og Lambhúsasundi, nýtur hverfisverndar vegna landslags, náttúruvafars og auðugs fuglalífs auk þess sem svæðin hafa mikið útivistargildi. Einnig nýtur Miðvogslækur og votlendi við Blautós hverfisverndar.

Hverfisverndarsvæði eru sýnd á aðalskipulagsupprætti með rúðustrikun, merkt númeri landnotkunarreits og bókstöfunum HV. Þau eru að hluta úti í sjó.

##### HVERFISVERND STRANDARINNAR

Hverfisverndarsvæði 301-HV og 121-HV mynda ásamt friðlandinu í Blautósi og Innstavogsnesi 329-FS samfellt verndarsvæði með norðurströnd bæjarlandsins. Verndun strandarinnar og nýting hennar til útivistar er í samræmi við markmið bæjarstjórnar og skýran vilja bæjarbúa á íbúáþingum og umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar. Afmörkun verndarsvæða við ströndina er sýnd í grófum dráttum þar sem jaðar þeirra gagnvart bænum getur verið óljós (t.d. aðliggjandi landnotkunarfletir, sjóvarnargarðar). Innan hverfisverndarsvæða eru einnig búsetuminjar og varðveisluverð bygging sbr. kafla 1.6. í forsenduhefti. Verndarákvæði eiga við náttúruvafar annars vegar og útivistargildi hins vegar. Mannvirkjagerð sem styður við tilgang hverfisverndarinnar og raskar ekki viðfangi hennar er heimil sbr. nánari ákvæði.

Almenn ákvæði:

- Stígagerð, uppsetning fræðslu- og leiðsagnarskilta og bygging minni háttar mannvirkja sem þjóna útivist á svæðinu og tilgangi hverfisverndar er heimil.
- Annarri mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki. Gerð og viðhald sjóvarnargarða og veitumannvirkja er heimil.
- Öll mannvirki skulu taka mið af umhverfi og hlutverki svæðanna og þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni þeirra, bæði með tilliti til náttúruvafars og útivistar.
- Annað jarðrask og efnistaka er óheimil.
- Öll mannvirki, s.s. göngustíga, sjóvarnargarða, lagnir og önnur veitumannvirki skal fella sem best að náttúru og umhverfi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
101-HV	29,0	Ströndin, Víkur, Breið		
121-HV	40,0	Ströndin, Presthúsahein Krókalón	Allt svæðið innan skerja að byggð	
201-HV	21,0	Langisandur, Sólmundarhöfði		Heimilt að setja upp baðlaug og minni háttar byggingar með aðstöðu (snyrtingar, sturtur, búningsklefar) vegna baðstrandarinnar á Langasandi
301-HV	88,8	Ströndin, Innstí Vogur – Miðvogur Kalmansvík,	50-200 m svæði meðfram ströndinni ásamt fjörum og skerjum.	

## ÖNNUR HVERFISVERND

Stefnt er að endurheimt votlendis á svæði 303-HV við Innstavog og Blautós. Auk þess er lagt til að umhverfi Miðvogslækjar, neðan Þjóðvegjar, njóti hverfisverndar.

Almenn ákvæði:

- f Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki. Taka skal mið af umhverfi og þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni svæðisins bæði með tilliti til náttúrufars og útivistar.
- g Jarðrask og efnistaka er óheimil.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
302-HV	1,8	Miðvogslækur	Umhverfi lækjarins frá Þjóðvegi til sjávar í Miðvogi.	Eingöngu er um að ræða göngu- og reiðleiðir. Heimilt verður að nýta lækinn sem viðtaka fyrir yfirborðsvatn úr nálægum hverfum enda fylgi því engin hætta á mengun.
303-HV	10,0	Votlendi við Innstí Vog	Endurheimt votlendis	Einungis er gert ráð fyrir útivistarstíg yfir svæðið að Innstavogsnesi auk upplýsingaskilta. Fyllt verði í framræsluskurði á svæðinu og það beitarfriðað.

## 4.2 MENNINGARMINJAR

### 4.2.1 MINJAVERND

- Lögð verði áhersla á sögu svæðisins og varðveislu fornminja. Taka skal tillit til menningar- og búsetuminja í bæjarfélaginu á grundvelli skráningar og mats á mikilvægi þeirra. Í deiliskipulagi viðkomandi svæða skal gera grein fyrir því á hvern hátt minjar verði aðgengilegar eða sýnilegar.

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Um þjóðminjar gilda skýr og ströng lagaákvæði og er röskun þeirra með öllu óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands. Merking minjastaða á skipulagsuppdrætti hefur fyrst og fremst þann tilgang að koma í veg fyrir að þjóðminjum verði spillt t.d. vegna vankunnáttu eða athugunarleysis og tryggja að tekið verði mið af þeim við skipulag og framkvæmdir.

Framkvæmdum skal beina frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur stofnunin krafist þess að þeim verði frestað uns fornleifarannsókn hafi farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna. Vinna skal deiliskráningu fornleifa áður en ráðist er í breytingar á landnotkun t.d. með skógrækt og byggð.

Fyrir liggur aðalskráning fornleifa frá 1999<sup>4</sup> auk deiliskráningar nokkurra svæða. Vinna skal deiliskráningu fornleifa áður en ráðist er í breytingar á landnotkun t.d. með skógrækt og byggð.

Sjá nánari umfjöllun um menningarminjar í kafla 1.6 í forsenduhefti aðalskipulagsins m.a. skrá yfir fyrirliggjandi minjaskrár.

Engar fornleifar hafa verið friðlýstar á Akranesi en í niðurstöðum fornleifaskráningar eru tillögur um verndun, kynningu og rannsóknir nokkurra minjastaða. Þetta eru minjastaðirnir Presthús, Kalmansvík, Hausthús/Skúti, Elínarhöfði, Bakkabær, Miðvogur og Innstivogur (bæjarleifar þessara bæja ásamt útihúsum og garðlögum), bæjarhöllinn í Görðum og gamla þjóðleiðin niður á Skaga.

Á skipulagsupprætti eru merktar þær fornleifar sem getið er um í niðurstöðu Fornleifastofnunar Íslands auk stakkstaða á Breiðinni (Þ9), gamla vitans (Þ10) og minja á Sólmundarhöfða. Svæði Þ1-Þ7 og Þ9-Þ10 eru innan marka hverfisverndarsvæða vegna náttúrufars og útivistargildis. Ekki er getið sérstaklega um bæjarleifar, útihús og garðlög á Sólmundarhöfða í fornleifaskrá.

Gamla þjóðleiðin niður á Skaga er ekki merkt sérstaklega á skipulagsupprætti en þau ummerki um hana sem sjást enn, t.d. upphlaðnir vegkantar og brýr við Blautós, eru innan hverfisverndarsvæða.

Á tjaldsvæðinu við Kalmansvík 215 AF og þar í grennd eru nokkrir minjastaðir (Presthús, Kalmansvík, Hausthús/Skúti). Taka var tillit til þeirra við gerð deiliskipulags svæðisins.

Mikilvægir minjastaðir eru sýndir á skipulagsupprætti sem punktur með rúnatákni og merkingu en ekki sem skástríkun, eins og fyrirskrifað er í skipulagsreglugerð. Ekki eru afmörkuð sérstök minjaverndarsvæði í aðalskipulaginu.

#### 4.2.2 HÚSAVERND

- Unnið verði að gerð verndaráætlunar bæjarumhverfis og bygginga á grundvelli húsaönnunar.
- Mat verði lagt á hvort þörf sé á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, vegna sögulegs eða menningarlegs gildis m.a. með hliðsjón af fyrirliggjandi húsaönnun. Niðurstöður verði nýttar við gerð skipulagsáætlana og sákvæða um hverfisvernd þar sem það á við.

Fyrir liggur húsaönnun fyrir alla byggð neðan Stillholts<sup>5</sup> og byggðakönnun, fornleifaskrá og húsaönnun fyrir Sementsreit<sup>6</sup>. Akraneskirja sem er friðlýst og er á miðbæjarsvæði 115-M, og Garðahúsið, sem er á sínum upphaflega stað í Görðum, eru ekki merkt sérstaklega á skipulagsupprætti. Gamli vitinn, byggður 1918, er á aðalskipulagsupprætti merktur sem þjóðminjar (Þ10) en hann er innan svæðis sem nýtur hverfisverndar vegna náttúrufars og útivistargildis.

Ekki eru sett sérstök hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi um húsavernd á þessu stigi. Taka skal mið af niðurstöðum húsaönnunar og tillögu um hverfisvernd, sem þar er sett fram, í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

### 4.3 VATNSVERND

#### 4.3.1 STRENDUR, ÁR OG VÖTN

Miðað er við að öll strandlengjan innan skipulagssvæðisins verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. grein reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Flokkur B miðast í meginráttum við „að lítil og ekki skaðleg áhrif séu greinanleg á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi“. Einnig er stefnt að því að vatnasvæði innan bæjarmarka, þar á meðal Berjadalsá, verði í flokki B. Unnin verði áætlun um það á hvern hátt verði komist hjá mengun vatns og ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns uppfyllt.

<sup>4</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. *Akranes, fornleifaskrá*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999.

<sup>5</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson. *Perla Faxaflóa. Bæja- og húsaönnun á Skipaskaga*. Akraneskaupstaður 2009

<sup>6</sup> Ask arkitektar. *Sementsreitir. Akraneskaupstaður. Byggðakönnun, fornleifaskrá og húsaönnun*. Mars 2017.

#### 4.3.2 VATNSBÓL OG VATNSVERNDARSVÆÐI

Brunnsvæði og grannsvæði vatnsbóla innan bæjarmarka eru í Slögu undir vesturhlíð Akrafjalls. Önnur vatnsból og meginhluti grann- og fjarsvæða vatnsbóla eru í Hvalfjarðarsveit. Ákvæði um vatnsból og vatnsverndarsvæði eru í kafla 3.18.

#### 4.4 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Náttúruvá sem helst þarf að skoða og fylgjast með á Akranesi eru sjávarflóð<sup>7</sup>. Ekki er talin hættu á að eldvirkni, jarðskjálftar, snjóflóð eða skriðuföll geti valdið umtalsverðum skaða á skipulagssvæðinu. Hætta hefur verið á sjávarflóðum við vissar aðstæður á þeim svæðum sem lægst standa á Skaganum. Öll byggð er nú varin með sjóvarnargörðum sem hafa verið gerðir sem næst með allri ströndinni.

##### 4.4.1 SJÓVARNARGARÐAR


Mannvirki til að verjast rofi á strandlengju (sjóvarnargarðar), sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, eru tilgreind í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Sjóvarnargarðar hafa verið gerðir meðfram stórum hluta strandlengjunnar og er unnið að áframhaldandi uppbyggingu þeirra og viðhaldi samkvæmt áætlun Siglingastofnunar þannig að byggð stafi ekki hættu af flóðum auk þess sem þeir eru jafnframt vörn gegn landbroti. Enn er ólokið við sjóvarnir á Breiðinni. Sjóvarnargarður við Faxabraut hefur verið hækkaður vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Sementsreit. Hættusvæði eru ekki afmörkuð á skipulagsupprætti. Einnig er gert ráð fyrir varnargörðum á nýjum landfyllingum á hafnarsvæði. Varnargarðarnir eru sýndir á skýringarmynd 10 og eru þeir innan strandsvæða (ST) og hafnarsvæða (H).

Gerð sjóvarnargarða þar sem þeirra er þörf skv. áðurnefndri áætlun eða vegna yfirvofandi hættu er heimil án breytingar á aðalskipulagi enda verði tekið mið af umhverfissjónarmiðum og ákvæðum hverfisverndar, þar sem það á við, við hönnun þeirra og gerð. Varnarmannvirki gegn ágangi sjávar eru tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

---

<sup>7</sup> Almannavarnarnefnd Akraness, Ríkislögreglustjórnin. *Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011*.



Mynd 10. Sjóvarnargarðar.

## 5 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

Lögð skal áhersla á góðar og öruggar samgöngur. Stefna skal að því að almenningssamgöngur og hjólréiðar verði raunhæfir valkostir sem flestra.

Lögð skal áhersla á heilsuefandi samfélag og umhverfismál með bættem skilyrðum fyrir vistvænar samgöngur; góðu stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, virkum almenningssamgöngum og orkuskiptum í samgöngum.

### 5.1 GATNAKERFI

- Áhersla verði lögð á markvissa hraðastýringu bílaumferðar og forgang gangandi og hjólandi umferðar þar sem það á við.

Flokkun gatnakerfis bæjarins felst í aðalgatnakerfi með stofnbrautum og tengibrautum annars vegar og innra gatnaneti með húsagötum og aðalgötum/safngötum hins vegar.

Á aðalskipulagsupprætti er gerð grein fyrir aðalgatnakerfi bæjarins og helstu tengingum við það. Innra gatnakerfi (húsagötur og safngötur) er skilgreint í deiliskipulagi. Útfærsla gatnamóta á aðalgatnakerfinu, t.d. hvort um er að ræða krossgatnamót eða hringtorg, er ákvörðuð í deiliskipulagi og er því ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Breytingar á gatnamótum kalla því ekki á aðalskipulagsbreytingu.

Aðalgötur/safngötur innan hverfa eru sýndar til skýringar á upprætti. Breytingar á þeim í þegar byggðum hverfum og útfærsla og nákvæm lega í nýjum hverfum verður ákvörðuð í deiliskipulagi. Þar sem landnotkunarreitir liggja að aðalgatnakerfi eru tengingar við aðalgötur almennt ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Þar sem tengingar að landnotkunarreitum liggja yfir opin eða óbyggð svæði eða um aðra reiti eru þær sýndar á aðalskipulagsupprætti. Núverandi húsagötur eru sýndar á grunnkorti (ljósgráar línur) til glöggvunar en ákvæði aðalskipulagsins eiga ekki við þær.



Mynd 11. Yfirlitsmynd – gatnakerfi.



Stefnt er að því að tryggja umferðaröryggi með markvissri hraðastýringu bílaumferðar, t.d. svæðum með 30 km/klst. hámarkshraða og útfærslu umferðarmannvirkja, stofnbrauta og tengibrauta, sem taki mið af umhverfi og aðstæðum. Miðað er við að innra gatnakerfi nýrra hverfa geti verið net húsagatna og aðalgatna. Aðalgötur má líta á sem endurskoðaða útfærslu safngatna, sem gegna fjölbreyttara hlutverki en hefðbundnar safngötur hafa gert, þannig að hús og lóðir geta staðið við þær og haft aðkomu frá þeim auk þess sem bílastæði eru heimiluð í þeim að vissu marki. Þannig verði stuðlað að samfelldri og heillegri bæjarmynd í nýjum íbúðarhverfum.

Afmarkað er opið svæði 318-OP með sérákvæðum til þess að tryggja að möguleikar á lagningu Grunnafjarðarleiðar, breytts þjóðvegjar ofan bæjarins, verði ekki skertir þótt hvergi sé gert ráð fyrir leiðinni í gildandi áætlunum. Sjá kafla 3.13.

## 5.2 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

- Áfram verði reknar almenningssamgöngur innan bæjar m.a. í þeim tilgangi að sporna við ofnotkun einkabíla til þess að vinna að markmiðum umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.
- Tryggðar verði almenningssamgöngur á láði og legi milli Akraness, höfuðborgarsvæðisins, Vesturlands og annarra landshluta.

Ekki er þörf fyrir sérstök ákvæði vegna almenningssamgangna í aðalskipulaginu.

## 5.3 STÍGAKERFI

- Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir endurbættu göngu-, reið- og hjólastígakerfi í bæjarlandinu, m.a. við endurskipulagningu eldri hverfa, og með því stuðlað að aukinni útivist, hollri hreyfingu og vistvænum samgönguháttum. Hugað skal sérstaklega að ferlimálum fatlaðra við skipulag og framkvæmdir m.a. við stígakerfi bæjarins.
- Gera skal ráð fyrir hentugum útivistarstígum utan byggðar og meðfram allri strandlengjunni.

Stígakerfi bæjarins myndar samfellt net öruggra og greiðfærra leiða um allt bæjarlandið. Það tengir saman bæjarhluta, heimili, vinnustaði, þjónustusvæði og útivistarsvæði.

Samnýting stíga, t.d. göngustíga og hjólastíga eða göngustíga og reiðstíga, er að vissu marki nauðsynleg en stefnt er að aðgreiningu þar sem það er mögulegt.

Á aðalskipulagsupprætti og skýringarmyndum eru sýnd meginatriði stígakerfisins. Útfærsla verður ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdastigi s.s. hvorum megin götu stígur eða hjólabraut verður.

**Stofnstígar** bæjarins eru helstu göngu- og hjólréiðaleiðir um bæjarlandið. Þeir tengja saman hverfi og megin áfangastaði, taka mið af almennum ferðakröfum og tengjast nágrannasveitarfélagi bæjarins. Uppbygging og viðhald stofnstíga hefur ákveðinn forgang, leitast skal við að stígarnir verði með bundnu slitlagi og aðskildum hjóla- og göngustígum að öllu leyti þar sem aðstæður leyfa. Einnig skal kappkosta að aðskilja stofnstíga frá vegi og skapa skjólsælt umhverfi meðfram þeim.

**Tengistígar** eða minni stofnstígar tengjast stofnstígum og strandstígum. Þeir flétta saman byggð og útivistarsvæði og eru ætlaðir gangandi vegfarendum innan einstakra bæjarhluta. Þeir tengja saman ýmsa þjónustu, svo sem skóla, verslun og bíðstöðvar almenningssvagna. Leitast skal við að stígarnir verði með bundnu slitlagi eða með þjappaðri mól eftir umferðarþunga og að hluta til með aðskildum hjóla- og göngustígum. Einnig skal reyna eftir bestu getu að aðskilja tengistíga frá vegi og skapa skjólsælt umhverfi meðfram þeim. Auk samfellds götustíganets er mikilvægt að bæta gangstéttir meðfram götum og auka gæði umhverfisins fyrir gangandi vegfarendur.

**Strandstígur** er göngu- og hjólréiðaleið meðfram strandlínu og utan byggðar. Strandstígur gegnir einnig hlutverki útivistarstígs. Strandstígur getur verið með bundnu slitlagi, þjappaðri mól eða verið stíkaður slóði. Útfærsla verður umfangsminni og náttúrulegri eftir því sem fjær dregur byggð. Aðskilja skal strandstíg frá reiðvegi þar sem það á við.


**Reiðvegir** eru utan byggðar út frá hesthúshverfinu í Æðarodda. Reiðvegir eru sértækar reiðgötur aðeins ætlaðar til útreiða en ekki almenningi til frjálstrar umferðar. Leitast skal við að tengja reiðvegi



við Hvalfjarðarsveit norðan og austan við sveitarfélagið og aðskilja reiðvegi frá stofn-, strand- og tengistígum eða útivistarstígum og umferðarvegum þar sem það á við og er mögulegt.

Gert er ráð fyrir **landsbyggðarstíg** meðfram þjóðvegum utan byggðar. Stígnum er ætlað að koma til móts við aukna notkun reiðhjóla til ferðalaga. Útfærsla skal unnin í samvinnu við Vegagerðina. Stígurinn er sýndur á táknrænan hátt á uppdrætti.

**Aðrir stígar:** Stór hluti stígakerfisins felst í gangstéttum meðfram götum bæjarins, sérstaklega í eldri hluta bæjarins, og útivistarstígum á opnum svæðum og útivistarsvæðum. Þessir stígar eru ekki sýndir á aðalskipulagsuppdrætti nema þar sem þeir falla saman við flokkana, sem tilgreindir eru hér að ofan.



Mynd 12. Stígakerfi

## 5.4 FLUGVELLIR, HAFNIR

Enginn flugvöllur er innan bæjarmarka. Um hafnir er fjallað í kafla 3.14 Hafnarsvæði.

## 5.5 VEITUR

- Veitukerfi skulu tryggja nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og hitunar.
- Íbúar sveitarfélagsins skulu hafa aðgang að öflugri og öruggri gagnaveitu.
- Unnið verði áfram að áætlunum og framkvæmdum í fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, með það að markmiði að fráveitukerfi standist ítrustu kröfur um mengunarvarnir.

Í kafla 3.7 Iðnaðarsvæði, er fjallað um svæði fyrir veitumannvirki (mannvirki fráveitu, hitaveitu og rafveitu).

Stofn- og dreifilagnir veitukerfa, sem fylgja götum, stígum og öðrum mannvirkjum og hafa ekki áhrif á ósnert land, lóðir eða verndarsvæði þarf ekki að sýna á aðalskipulagsuppdrætti. Meginstofnlagnir (aðveitulagnir) veitukerfa eru sýndar á aðalskipulagsuppdrætti.

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi skal þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn- og dreifikerfi, þannig að þau anni eftirspurn eftir þjónustu. Haft skal samráð við veitustofnanir og -fyrirtæki á öllum stígum skipulagsvinnunnar. Við vinnslu deiliskipulags skal hugað að lagnaleiðum veitna, þeim lögnum sem fyrir eru, aðgengi að lögnum eftir uppbyggingu auk lóða fyrir veitumannvirki.

Dreifistöðvar raforku, tengivirki í dreifikerfi og fjarskiptabúnaður (möstur) eru heimil þar sem þeirra er þörf og eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Búnaður sem er sýnilegur og getur haft áhrif á nærliggjandi byggð (útsýni, skuggavarp) skal vera í samræmi við deiliskipulag og þar sem það á við skulu heimildir fyrir nýjum búnaði skilgreindar með breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu.

#### **5.5.1 VATNSVEITA**

Sjá ákvæði um vatnsból í kafla 3.18. Í kafla 1.4.2 í forsenduhefti er gerð grein fyrir neysluvatnsöflun og vatnsverndarsvæðum, sem eru að hluta utan bæjarmarka. Aðveitulögn vatnsveitu frá Akrafjalli, geislahús og vatnstankur, er merkt á aðalskipulagsupprætti. Aðrar stofnlagnir og dreifilagnir fylgja götum og stígum og því ekki sýnd á skipulagsupprætti. Útfærsla og umfang vatnsveitumannvirkja innan þessara meginlína er ekki háð ákvæðum aðalskipulags

#### **5.5.2 HITAVEITA**

Stofnlagnir og dreifilagnir fylgja götum og stígum og er ekki gerð grein fyrir þeim á skipulagsupprætti. Útfærsla og umfang hitaveitumannvirkja innan meginreglu um legu lagna er ekki háð ákvæðum aðalskipulags.

#### **5.5.3 RAFVEITA**

Aðveitustöð rafveitu er á svæði 145-I norðan til á Smiðjuvallasvæðinu sbr. kafla 3.7. Flutningslínur að aðveitustöðinni úr norðri eru sýndar á aðalskipulagsupprætti. Innan byggðar, núverandi og fyrirhugaðrar, eru allar línur lagðar í jörð. Raflínur fylgja fyrst og fremst götum og stígum. Þær eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti.

#### **5.5.4 FRÁVEITA**

Dælu- og hreinsistöðvar fráveitu eru á svæðum 107-I, 122-I, 130-I og 211-I sbr. kafla 3.7. Stofnlagnir fráveitu fylgja fyrst og fremst götum og stígum og er ekki gerð grein fyrir þeim á skipulagsupprætti. Um fráveitu gilda lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

#### **5.5.5 GAGNAVEITA**

Stofn- og dreifilagnir gagnaveitu (símalagnir og ljósleiðarar) fylgja götum og stígum og eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Tækjabúnaður vegna gagnaveitu, endurvarpsstöðvar o.þ.h. eru háðar almennum ákvæðum aðalskipulagsins sbr. 5.5 og ekki sýndur á aðalskipulagsupprætti. Gera skal grein fyrir þeim í deiliskipulagi eftir því sem við á og fara með nýframkvæmdir samkvæmt ákvæðum um deiliskipulag og grenndarkynningar.

## 6 BREYTINGAR

### 6.1 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI EFTIR AÐ ENDURSKOÐUN HÓFST

Alls hafa verið gerðar 16 breytingar á aðalskipulaginu eftir að endurskoðun þess hófst enda er með því haldið utan um þróun og breytingar og brugðist við nýjum forsendum og framkvæmdaáformum (sjá viðauka í forsenduhefti).

Breyting	Samþykkt	Staðfest
• Stækkun hafnarsvæðis H3	14.6.2012	27.6.2012
• Verslunar- og þjónustusvæði við Akursbraut (V 12)	16.11.2013	11.12.2013
• Kirkjuhvoll og Vesturgata 102 (V 13 og V 14)	13.5.2014	22.5.2014
• Iðnaðarsvæði fyrir hitaveitutank við Þjóðbraut (I 7)	13.5.2014	22.5.2014
• Garðyrkjustöð og íbúðarsvæði við Þjóðbraut (Íb 18 og O 15)	25.6.2015	26.8.2015
• Vallholt	11.4.2017	4.5.2017
• Sementsreitir (M 5, M 6, Íb 14)	12.9.2017	10.11.2017
• Dalbrautarreitir, stækkun miðsvæðis (M 4)	10.10.2017	10.11.2017
• Akraneshöfn (H1)	26.2.2019	30.4.2019
• Grenjar, hafnarsvæði (H3)	9.4.2019	17.5.2019
• Miðsvæði (M2), Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt	28.5.2019	19.6.2019
• Smiðjuvellir	14.5.2019	9.7.2019
• Flóahverfi (A11), athafnasvæði	14.5.2019	12.7.2019
• Skógahverfi - skólalóð	24.9.2019	13.11.2019
• Tjaldsvæði og útivistarsvæði í Kalmansvík	12.5.2020	28.5.2020
• Stækkun Skógahverfis	10.11.2020	3.12.2020
• Mörk Skógahverfis	3.9.2021	15.9.2021
• Breyt afmörkun iðnaðarsvæðis í Flóahverfi	Í vinnslu	

### 6.2 BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Eftirtaldar breytingar frá Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 felast í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi:

#### 6.2.1 ALMENNAR BREYTINGAR

- Númerakerfi er breytt sbr. kafla 1.3. Í stað hlaupandi númera innan landnotkunarflokka eru notuð staðgreind númer þar sem landnotkunarreitir halda númeri sínu þótt landnotkun verði breytt. Þetta einfaldar verulega viðhald og breytingar á aðalskipulaginu og gerir framsetningu þess og meðferð skýrari en með eldra kerfi. Breyting á númerakerfi getur valdið ruglingi á þessu stigi en kostir þess kerfis sem tekið er upp vega upp tímabundin óþægindi vegna breytingarinnar.
- Landnotkunarreitir og almenn ákvæði um þá sett fram í samræmi við skipulagsreglugerð 123/2010 með mun nákvæmari flokkun en skv. eldri reglugerð. T.d. falla „opin svæði til sérstakra nota“ nú í marga flokka.

#### 6.2.2 BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Númer með bókstaf fremst (t.d. A-6) vísa til gildandi aðalskipulags. Númer með bókstaf aftan (t.d. 105-At) við vísa til endurskoðaðs aðalskipulags.

- Stefna og markmið yfirfarin og endurskoðuð. Ekki er um að ræða meginstefnubreytingu.
- Almennur texti greinargerðar yfirfarinn og uppfærður miðað við breyttar forsendur þar sem það á við.

- Forsendur, forsaga, aðdragandi og almenn umfjöllun um landnotkun er færð yfir í forsendu-hefti þannig að í greinargerð inniheldur nánast eingöngu stefnu, markmið, ákvæði og skipulagsþætti.
- Sérákvæði landnotkunarreita eru uppfærð og skýrð þar sem ástæða er til. Ákvæði sett um ný og breytt svæði sbr. 6.2.3.
- Ákvæði um gatnakerfi skýrð, þ.e. hvað skuli háð aðalskipulagi og hvað skuli ákvarðað í deiliskipulagi.
- Bætt er inn kafla um vatnsból og vatnsvernd vegna stækkunar skipulagssvæðisins um Ósland-Kirkjutungu.
- Umhverfismatsskýrsla endurskoðuð með hliðsjón af viðfangsefnum endurskoðunar og breyttum lögum og hún sett í sérstakt hefti.

### 6.2.3 BREYTINGAR Á SKIPULAGSUPPDÆTTI

Númer með bókstaf fremst (t.d. A-6) vísa til gildandi aðalskipulags. Númer með bókstaf aftan við vísa til endurskoðaðs aðalskipulags.

- Almenn yfirferð og minni háttar leiðréttingar og lagfæringar á mörkum landnotkunarreita sem ekki hafa áhrif á meginatriði.
- Hv 3 (101-HV) Hverfisverndarsvæði stækkað og nær nú yfir Skarfavör.
- H1 og H2 (102-H) Hafnarsvæði, afmörkun endurskoðuð miðað við drög að deiliskipulagi svæðisins.
- 132-E Áður áformaðar landfyllingar á hafnarsvæði vegna Skarfatangahafnar, sem felld hefur verið úr skipulaginu, eru endurskoðaðar og verða 6 ha í stað 7,2 ha .
- A-1 Athafnasvæði á Breiðinni (105-At). Breytt afmörkun vegna brottfalls Skarfatangahafnar.
- Nýtt svæði 104-AF afmarkað fyrir ferðaþjónustu á Breiðinni.
- V 5 er fellt inn í íbúðarsvæði 203-ÍB. Starfsemi á lóðunum verður skilgreind í deiliskipulagi.
- V10 er fellt inn í íbúðarsvæði 213-ÍB. Starfsemi á lóðunum verður skilgreind í deiliskipulagi.
- Svæðum A-5 og A-6 breytt úr athafnasvæði í blandaða byggð 134-ÍB, íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir möguleika á atvinnufyrirtækjum á jarðhæð.
- Svæði V-12, Akurshóll, svæði fyrir ferðaþjónustu/gistiskála, fellt út. Verður opið svæði 110-OP.
- Íb-22 Sameinað reit Íb-4/136-Íb. Almenn íbúðarbyggð í stað námsmannafúða.
- Miðbæjarsvæði og blönduð byggð á Dalbrautarreit, M4, V6, A7 og S8, verður íbúðarsvæði með blandaðri byggð 141-ÍB.
- Landfylling og íbúðarsvæði Íb-16 í Leyni fellt út.
- Hv-4 Mörkum hverfisverndarsvæðis breytt. Stækkun í austur og nær svæðið nú yfir fjöruna í Leyni (201-HV).
- S-13, O-3 Kirkjugarður stækkaður yfir svæði, sem áður var ætlað nýrri kirkju (220-K).
- O-7 og O-8 Opin svæði ofan Garðalundar eru sameinuð í 231-OP..
- O-10 Æðaroddi (310 ÍP): Afmörkun leiðrétt til samræmis við gildandi deiliskipulag.
- Afmarkað iðnaðarsvæði á gömlu öskuhaugunum í Höfðaseli með sérákvæðum vegna hugsanlegrar jarðvegsmengunar (316-I).
- Íbúðarsvæði Íb22 er sameinað Íb-4. Verður 136-Íb.
- Nýtt svæði fyrir hótél (236-VÞ) við golfvöllinn.
- Svæði sem merkt var „skipulagi frestað“ er fellt út. Í stað þess er afmarkað opið svæði 320-OP á hugsanlegu vegstæði Grunnavíkurleiðar.
- Skipulagssvæði aðalskipulagsins er stækkað sem nemur Óslandi-Kirkjutungu sem nær yfir Slögu við fjallsrætur Akrafjalls.
  - Íþróttasvæði 325-ÍP (áður O33), skógræktarsvæði 327-SL (áður O34) og vatnsverndarsvæði, sem áður voru innan aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar eru nú innan aðalskipulags Akraness.
  - Nýtt athafnasvæði í Óslandi – Kirkjutungu, 323-AT.
- Strandsvæði afmörkuð þar sem önnur landnotkun er „opin svæði“ liggur að strönd/sjó.
- Afmörkuð eru þrjú þróunarsvæði; A á Breiðinni, B Langisandur – Leynir og C Smiðjuvellir - Kalmansvellir.

- Gatnakerfi:
  - Hringtorg tekin út. Útfærsla gatnamóta er ekki aðalskipulagsákvæði.
  - Bætt inn tengingum við megingatnakerfi þar sem farið er yfir opið land.
  - Helstu aðalgötur/safngötur í innra gatnakerfinu sýndar til skýringar.
- Stígakerfi:
  - Heildarendurskoðun stígakerfis.
  - Aðalstígakerfi verður gisnara en tengistígar sýndir.
  - Reiðleiðir aðgreindar frá útivistarstígum.
  - Sett fram frumáætlun um landsbyggðarstíg meðfram þjóðvegum utan byggðar.

### 6.3 FRAMFYLGD AÐALSKIPULAGSINS, BREYTINGAR

Aðalskipulag Akraness 2021-2033 er verkfæri til þess að halda utan um stefnu bæjarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Aðalskipulagið á þannig við meginatriði og meginlínur í skipulagi og umhverfi sveitarfélagsins og felur í sér stefnu til langs tíma um þessi atriði.

Breyttar forsendur, framkvæmdaáform og ný markmið geta kallað á breytingar á aðalskipulaginu. Það verður þá nýtt sem verkfæri til þess að meta, ræða og kynna breytta stefnu og ný áform. Góður siður er að nýta vinnuáðferð umhverfismats áætlana til þess að bera saman skipulags- og útfærslukosti áður en tillögur eru kynntar og ákvarðanir teknar. Breyting á aðalskipulagi samkvæmt ákvæðum skipulagslaga felur í sér samráð og lýðræðisleg vinnubrögð, sem hefjast með skipulagslýsingu í verkbyrjun.

Framkvæmdir og ný og breytt starfsemi skal vera í samræmi við ákvæði staðfests aðalskipulags. Núverandi lögleg og samþykkt notkun og nýting mannvirkja er almennt heimil áfram þótt sett sé stefna í aðalskipulagi um aðra landnotkun eða nýtingu. Þar getur verið um langtímamarkmið að ræða þar sem framkvæmdir og breytingar hafa langan aðdraganda. Aðalskipulagið felur þannig ekki í sér tímasetta framkvæmdaskyldu nema það sé tekið sérstaklega fram. Bæjarstjórn Akraness vinnur framkvæmdaáætlanir og tímaáætlanir á grundvelli aðalskipulagsins.

Nánari útfærsla einstakra svæða, landnotkunarreita eða gatnakerfis er og verður skilgreind í deiliskipulagi. Aðalskipulag er ekki unnið með sömu nákvæmni og deiliskipulag og því geta nákvæmar deiliskipulagslínur falið í sér minni háttar frávik frá aðalskipulagi án þess að ástæða sé til formlegrar aðalskipulagsbreytingar enda sé ekki um að ræða frávik frá markmiðum eða meginráttum aðalskipulagsins eða áhrif á aðra hagsmunaaðila.

Breytingar á aðalskipulagi lúta sama lýðræðislega ferli og gerð nýs aðalskipulags. Um málsmeðferð vísast til VII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010. Kynna skal almenningi og hagsmunaaðilum lýsingu á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í upphafi verks og þeim gefinn kostur á að leggja fram ábendingar eða athugasemdir sem hafðar verða til hliðsjónar við vinnslu verksins. Eftir afgreiðslu bæjarstjórnar er breytingartillaga send Skipulagsstofnun til athugunar, sem síðan er auglýst og gefinn a.m.k. sex vikna athugasemdafrestur sbr. 30. og 31. gr. skipulagslaga.

Óverulegar breytingar, sem hvorki eru líklegar til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila né hafa áhrif á stór svæði, má afgreiða með einfaldari hætti í samráði við Skipulagsstofnun sbr. 36. grein skipulagslaga.

#### 6.3.1 BREYTINGARBLAÐ

Breytingar á aðalskipulagi, verulegar eða óverulegar, skulu settar fram á breytingarblaði, þar sem fram koma á skýran hátt þær breytingar sem gerðar eru. Í stuttri greinargerð skal vera lýsing á breytingunni, tilefni hennar og tilgangi ásamt eftirfarandi þáttum eftir því sem við á:


- **Breyting á greinargerð:** Gera skal grein fyrir breytingum á texta greinargerðar s.s. breytingum á markmiðum, almennum ákvæðum eða sérákvæðum um viðkomandi landnotkunarreiti. Birtur skal óbreyttur texti/ákvæði annars vegar og breyttur texti/ákvæði hins vegar.
- **Breyting á skipulagsupprætti:** Sýna skal viðkomandi svæði í sama mælikvarða og aðaluppdráttur skipulagsins er í, annars vegar óbreytt og hins vegar með breytingu.
- **Áhrifamat/umhverfisskýrsla:** Gera skal grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfi og samfélag eftir því sem við á. Í áhrifamati getur komið fram rökstuðningur fyrir breytingunni

eða þeim ákvæðum sem sett eru. Skipulagsáætlanir og breytingar á þeim heyra undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Gera skal grein fyrir umhverfismati breytingarinnar í umhverfismatsskýrslu sbr. III. kafla laganna.


Á mynd 13 er sýnt dæmi um breytingarblað vegna breytingar á aðalskipulagi (smækkuð mynd af uppsetningu sem miðast við blaðstærð A3).

Akraneskaupstaður  
Skipulags- og umhverfissvið


## AÐALSKIPULAG AKRANESS 2018-2030



### Breyting á aðalskipulagi. Verkheiti



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bjargstjórn Akraness leggur til að aðalskipulagi Akraness 2012-2024 verði breytt á eftirfarandi hátt.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis aute irure dolor in reprehenderit in voluptate velit esse cillum dolore eu fugiat nulla pariatur. Excepteur sint occaecat cupidatat non proident, sunt in culpa qui officia deserunt mollit anim id est laborum.

**Breytingar á greinargerð**

**Kafli x.x liðarsvæði**

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

**Gildandi skipulag:**

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

Nr.	Stærð	Svaki	Lýsing	Skipulagskvæði
128-IB	1,1	Svaki	Dæmi aute irure dolor in reprehenderit	Excepteur sint occaecat cupidatat non proident.

**Breytt skipulag:**

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

Nr.	Stærð	Svaki	Lýsing	Skipulagskvæði
128-IB	1,1	Svaki	Dæmi aute irure dolor in reprehenderit	Excepteur sint occaecat cupidatat non proident.

**Breytingar á skipulagsupprætti**

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

- Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.
- Dæmi aute irure dolor in reprehenderit in voluptate velit esse cillum dolore eu fugiat nulla pariatur.
- Excepteur sint occaecat cupidatat non proident, sunt in culpa qui officia deserunt mollit anim id est laborum.

**Áhrifamat**

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis aute irure dolor in reprehenderit in voluptate velit esse cillum dolore eu fugiat nulla pariatur. Excepteur sint occaecat cupidatat non proident, sunt in culpa qui officia deserunt mollit anim id est laborum.

Aðalskipulag Akraness 2014-2030 sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann \_\_\_\_\_.

\_\_\_\_\_ bæjarstjórnin á Akranesi

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

SKYRNINGAR

SKV. 2019

**TEIKNISTOFA**  
**ARKITEKTA**  
GYLFI GUBJONSSON  
OG FELAGAR ehf.  
arkitektar fat

Mynd 13. Dæmi um breytingarblað aðalskipulags.

## 7 KYNNING, AFGREIÐSLA OG SAMÞYKKT

### 7.1 DRÖG/VINNSLUTILLAGA, KYNNING OG SAMRÁÐ

Áður er tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi verður afgreidd í bæjarstjórn til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga skal hún kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Á þessu stigi eru drög að endurskoðuðu aðalskipulagi kynnt með kynningarbæklingi, sem dreift er í öll hús á Akranesi og með gögnum á vefsíðu bæjarins. Einnig er vinnslutillagan send umsagnaraðilum og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

Í drögum þessum eru kynnt viðfangsefni, sem ekki voru komin á dagskrá þegar skipulagslýsing verkefnisins var kynnt haustið 2011. Þess vegna er óskað sérstaklega eftir ábendingum og sjónarmiðum hagsmunaaðila og umsagnaraðila við nýja verkþætti áður en gengið verður frá endanlegri tillögu til auglýsingar og afgreiðslu.

Meðal nýrra verkþátta, sem ekki var getið um í lýsingu, eru:

- Stækkun skipulagssvæðisins í Óslandi-Kirkjutungu og nýtt athafnasvæði þar.
- Blönduð íbúðarbyggð með atvinnustarfsemi á Ægisbraut.
- Afmörkun þróunarsvæða á Breið, Langasandi og Smiðjuvöllum.
- Hótel á golfvallarsvæði.

### 7.2 FYRRI KYNNINGAR OG SAMRÁÐ

#### LÝSING

Lýsing á fyrirhugaðri endurskoðun Aðalskipulags Akraness 2005-2017 var kynnt með auglýsingu og pósti til samráðsaðila 8. nóvember 2011. Lýsingin lá frammi á bæjarskrifstofunni og á vefsíðu bæjarins. Í lýsingunni var gerð grein fyrir helstu áherslum, viðfangsefnum og fyrirhuguðum vinnubrögðum við endurskoðunina. Samráðsaðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsnefnd kirkjugarða
- Náttúrustofa Vesturlands
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Faxaflóahafnir
- Orkuveita Reykjavíkur
- Hvalfjarðarsveit

Eftirfarandi svör bárust:

- |                           |   |
|---------------------------|---|
| • Skipulagsstofnun        | Skipulagsstofnun telur að áætlunin falli undir lög um umhverfismat áætlana þar sem hún markar stefnu um leyfisskyldar framkvæmdir sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum. |
| • Umhverfisstofnun        | Engar athugasemdir.   |
| • Fornleifavernd ríkisins | Ábendingar. Engar athugasemdir.   |
| • Kirkjugarðaráð          | Engar athugasemdir.   |

Kynningarferli - Fyllt í eftir framvindu.

- Almennur kynningarfundur um stefnu og drög að aðalskipulagi var haldinn 29. maí 2013.
- Kynning fyrir skipulagsnefnd og bæjarstjórn 15. september 2014
- Drög að aðalskipulagi, skipulags- og umhverfisráð 14. desember 2015
- Drög að aðalskipulagi, skipulags- og umhverfisráð 6. júní 2016
- Drög að aðalskipulagi afgreidd af skipulags- og umhverfisráði til auglýsingar 11. desember 2017.

-----

- Almennur kynningarfundur um drög/vinnslutillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi var haldinn 25. janúar 2018.
- Kynningarbæklingi um drög að aðalskipulagi dreift í byrjun desember 2021.
- Kynningarfundur um drög/vinnslutillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi 16. desember 2021.
- Drög/vinnslutillaga kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og umsagnaraðilum í desember 2021.
- *Fyrri umræða í bæjarstjórn, samþykkt að auglýsa tillöguna xx.xx.xxxx.*
- *Tillagan send Skipulagsstofnun til athugunar xx.xx.xxxx.*
- *Tillagan auglýst að fengnu álitum Skipulagsstofnunar xx.xx.xxxx.*



## **7.4 AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA**

*Fyllt í eftir framvindu.*

### **7.4.1 BREYTINGAR FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU**

*Fyllt í eftir framvindu.*

## 7.5 SAMÞYKKT

*Fyllt í eftir framvindu.*

Aðalskipulag Akraness 2018-2030 sem auglýst hefur verið  
skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010  
var samþykkt í bæjarstjórn Akraness  
þann \_\_\_\_\_.

\_\_\_\_\_  
bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun  
þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Gildistaka aðalskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda  
þann \_\_\_\_\_

## **8 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR**

---

### **8.1 AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR, SMÆKKAÐUR Í MKV. 1:30.000**

*Í lokaútgáfu verður smækkaður uppdráttur (blaðstærð A4) hér.*